

Slökkvilið á Vesturlandi

Stöðugreining og sviðsmyndir

2024



SAMTÖK SVEITARFÉLAGA Á VESTURLANDI

Inngangur

Í nóvember 2022 ákvað stjórn SSV að skoða möguleika á auknu samstarfi eða samþættingu á starfsemi slökkviliða á Vesturlandi. Í framhaldi af fundum með bæjar- og sveitarstjórum var skipaður starfshópur sem í sitja: Ragnar Sæmundsson Akranesi formaður, Lilja B. Ágústsdóttir Borgarbyggð, Björgvin Helgason Hvalfjarðarsveit, Garðar Svansson Grundarfirði og Skúli Guðbjörnsson, Dalabyggð.

Samkvæmt erindisbréfi er hlutverk starfshópsins:

- Að vinna stöðugreiningu varðandi samstarf slökkviliða á Vesturlandi
- Að vinna úttekt á samstarfsmöguleikum slökkviliða á Vesturlandi. Sérstaklega skal skoða:
 - Gagnkvæm aðstoð varðandi lögbundin verkefni
 - Samþættingu brunavarna og annarra lögbundinna verkefna
 - Samstarf varðandi stjórnendavaktir
 - Samræmingu á verklagi
 - Samstarf um kennslu og þjálfun slökkviliðsmanna
 - Samstarf um eldvarnareftirlit
 - Samstarf um kaup á búnaði
 - Samstarf um viðbrögð og aðstoð vegna mengunarslysa
 - Möguleikum á sameiningu slökkviliða
- Þá hefur hópurinn tækifæri til að skoða fleiri samstarfsmöguleika sem upp koma í vinnu hópsins.

Starfsfólk SSV, Páll S. Brynjarsson og Hrafnhildur Tryggvadóttir unnu með hópnum eftir þörfum.

Starfshópurinn fundaði fjórum sinnum, auk þess sem hópurinn fór í heimsókn til Brunavarna Árnessýslu þann 10. janúar 2024 og fékk þar kynningu á fyrirkomulagi og starfsemi BÁ.

Hér er lögð fram stöðugreining um slökkvilið á Vesturlandi sem byggir annars vegar á skýrslu Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar (HMS) um stöðu slökkviliða 2021 sem gerð var gefin út í október 2022 og hins vegar á svörum við spurningakönnun sem send var öllum slökkviliðum landshlutans.

Til viðbótar eru teknar saman upplýsingar um rekstur málaflokksins *Brunamál og almannavarnir* úr fjárhagsáætlunum og ársreikningum sveitarfélaganna og að lokum er sett fram sviðsmyndagreining sem byggir m.a. á ofangreindum gögnum, þar sem settar eru fram mögulegar sviðsmyndir breytinga á rekstri slökkviliða á Vesturlandi.



Innihald

Inngangur	2
1 Staða slökkviliða á Íslandi.....	5
2 Vesturland	6
2.1 Rekstur slökkviliða	6
2.2 Heildarfjöldi slökkviliðsmanna.....	7
2.3 Húsnæði.....	8
2.4 Þjálfun og menntunarmál.....	8
2.5 Ástand hlífðarfatnaðar og búnaðar	9
2.6 Aldur og ástand ökutækja.....	10
2.7 Staða eldvarnareftirlits	10
2.8 Tölfræði útkalla	11
2.9 Tillögur að úrbótum.....	12
3 Spurningalisti – Viðhorf stjórnenda slökkviliða á Vesturlandi.....	13
3.1 Fjöldi slökkviliðsmanna og tækjabúnaður	13
3.2 Viðhorf stjórnenda slökkviliða til frekara samstarfs /sameiningar	15
3.2.1 Hvernig er samstarfi háttað við önnur slökkvilið hvað varðar gagnkvæma aðstoð?.....	15
3.2.2 Samþætting brunavarna og annarra lögbundinnar þjónustu.....	15
3.2.3 Samþætting/samstarf um stjórnendavaktir	16
3.2.4 Möguleikar til samræmingar á verklagi slökkviliða.	17
3.2.5 Samstarf um kennslu og þjálfun slökkviliðsmanna.	17
3.2.6 Samstarf um eldvarnareftirlit.	18
3.2.7 Samstarf um kaup á búnaði.....	19
3.2.8 Samstarf um viðbrögð og aðstoð vegna mengunarslysa.....	20
3.2.9 Sérð þú tækifæri í sameiningu slökkviliða?	21
3.2.10 Hver er afstaða þín til frekara samstarfs slökkviliðs og sjúkraflutninga?	23
4 Fjármál slökkviliða á Vesturlandi.....	24
4.1 Einstök sveitarfélög.....	24
4.1.1 Akraneskaupstaður.....	25
4.1.2 Hvalfjarðarsveit	25
4.1.3 Borgarbyggð	26
4.1.4 Stykkishólmur.....	27
4.1.5 Grundarfjarðarbær.....	28



4.1.6	Snæfellsbær.....	29
4.1.7	Dalabyggð.....	30
5	Tillögur að sviðsmyndum	31
5.1	Sviðsmynd 1. – Byggðasamlag - Brunavarnir Vesturlands	32
5.1.1	Tækifæri og styrkleikar sviðsmyndar	32
5.1.2	Áskoranir og veikleikar sviðsmyndarinnar.....	33
5.2	Sviðsmynd 2 – sameining við næstu nágranna.....	34
5.2.1	Tækifæri og styrkleikar sviðsmyndar	34
5.2.2	Áskoranir og veikleikar sviðsmyndarinnar.....	35
5.3	Sviðsmynd 3 Óbreytt rekstrarfyrirkomulag - aukið samstarf.....	35
5.3.1	Tækifæri og styrkleikar sviðsmyndar	35
5.3.2	Áskoranir og veikleikar sviðsmyndarinnar.....	36
6	Samantekt/Niðurstöður starfshópsins.....	37
7	Lög og reglugerðir	38
8	Viðauki	39
	Erindisbréf vinnuhóps	39
	Spurningalisti.....	40

1 Staða slökkviliða á Íslandi

Í október 2022 kom út skýrsla frá Húsnæðis- og mannvirkjastofnun um stöðu slökkviliða á Íslandi. Skýrslan byggir á úttektum sem unnar voru af stofnuninni árið 2021 fjallar um ástand í hverjum landshluta fyrir sig, ásamt því að lagðar eru fram tillögur til úrbóta¹. Hér er samantekt um þann hluta skýrslunnar sem fjallar um slökkviliðin á Vesturlandi. Dalabyggð er í byggðasamlagi með Reykhólahreppi og Strandabyggð og því fellur slökkvilið Dalabyggðar undir kaflann um Vestfirði í skýrslunni. Því er fjallað lítillega um umfjöllun skýrslunnar um slökkvilið á Vestfjörðum einnig.

Aðferðafræðin við úttekt HMS var sú að farið var yfir eldri úttektir á starfsemi hvers slökkviliðs, fyrirbyggjandi upplýsingar um starfsemina, sem og gildandi brunavarnaáætlun ef slík var til staðar. Notaður var staðlaður úttektarlisti yfir skoðunatriði og þær kröfur sem gerðar eru til starfsemi slökkviliða. Í kjölfarið voru niðurstöður sendar til slökkviliðsstjóra til umsagnar og síðar til viðkomandi sveitarstjórnar eða stjórnar slökkviliðs, ásamt leiðbeiningum um þau atriði sem þörfuðust úrbóta.

Áherslupættir úttektarinnar voru; rekstur slökkviliða, húsnæði, þjálfunar- og menntunarmál, ástand hlífðarfatnaðar og búnaðar, ástand og aldur ökutækja og staða eldvarnareftirlits samkvæmt kröfum sem fram koma í lögum nr. 75/2000 um brunavarnir og reglugerðum settum á grundvelli þeirra, auk leiðbeininga HMS.

Í úttektinni er fjallað um helstu niðurstöður hvers landshluta fyrir sig m.t.t. þeirra áherslupátta sem skoðaðir voru. Upplýsingar um fjölda slökkviliðsmanna hvers landshluta og staðsetningu voru fengnar úr útkallsskýrslugrunni Neyðarlínu.

Sveitarstjórnir bera ábyrgð á starfsemi slökkviliðs hver í sínu umdæmi, sbr. 10. gr. laga um brunavarnir nr. 75/2000. Sveitarfélögum er heimilt að reka sameiginlegt slökkviliðs eða semja sín á milli um samstarf um verkefni og stjórn slökkviliðsins í heild eða að hluta, sbr. 6. gr. reglugerðar nr. 747/2018 um starfsemi slökkviliða.

Mikilvægt er að slökkvilið séu hæf til að sinna lögbundnum verkefnum í samræmi við 3. gr. reglugerðar um starfsemi slökkviliða:

1. Vatnsöflun og slökkvistarf utanhúss
2. Slökkvistarf innanhúss og reykjöfun
3. Viðbrögð við mengunar- og eiturefnaslysum, eiturefnaköfun
4. Björgun á fastklemmdu fólki úr mannvirkjum og farartækjum
5. Eldvarnareftirlit og forvarnir, þ.m.t. eftirlit með einkabrunavörnum, sbr. reglugerð um eldvarnir og eldvarnareftirlit

Nánar má lesa um áherslupættina og þær kröfur sem gerðar eru til slökkviliða í kafla tvö í skýrslunni.

¹ Húsnæðis- og mannvirkjastofnun. 2022. Skýrsla um stöðu slökkviliða á Íslandi. https://hms-web.cdn.prismic.io/hms-web/6713b986-59e2-487b-8b0b-4a3309274477_Sk%C3%BDrsla+um+st%C3%B6%C3%B0u+sl%C3%B6kkvili%C3%B0a+2021_web.pdf

2 Vesturland

Á Vesturlandi eru fimm slökkvilið: Slökkvilið Akraness og Hvalfjarðarsveitar, Slökkvilið Borgarbyggðar, Slökkvilið Snæfellsbæjar, Slökkvilið Grundarfjarðar og Slökkvilið Stykkishólms. Dalabyggð er í byggðasamlagi um Brunavarnir Dala, Reykhóla og Stranda (DRS) og flokkast í því með Vestfjörðum. Í þessum kafla er fjallað nokkuð ítarlega um þann kafla skýrslunnar sem fjallar um Vesturland og helstu niðurstöður úr Vestfjarðarkaflanum, sem ekki gefa mjög nákvæma mynd af stöðu mála hjá Brunavörnum DRS.

2.1 Rekstur slökkviliða

Slökkvilið Borgarbyggðar og Slökkvilið Akraness og Hvalfjarðarsveitar eru rekin í samstarfi sveitarfélaga en hin þrjú liðin eru rekin á vegum hvers sveitarfélags fyrir sig. Öll slökkvilið landshlutans eru útkallslið með stjórnendur í skilgreindu starfshlutfalli, sjá töflu 1.

Tafla 1: Starfshlutfall slökkviliðs- og varaslökkviliðsstjóra

	Slökkviliðsstjóri	Varaslökkviliðsstjóri
Slökkvilið Akraness og Hvalfjarðarsveitar	100%	25%
Slökkvilið Borgarbyggðar	100%	100%
Slökkvilið Stykkishólms	20%	10%
Slökkvilið Grundarfjarðar	8%	4%
Slökkvilið Snæfellsbæjar	20%	10%
Brunavarnir DRS	100%	

Hjá einu slökkviliði er tryggt að slökkviliðsstjóri eða staðgengill sé ávallt á vakt eða bakvakt. Hjá þremur liða var þessi liður metinn ekki í lagi þar sem ekki var um bakvakt eða annað skilgreint skipulag að ræða og hjá einu slökkviliði þar sem þessi þáttur þarfnaðist úrbóta var ekki greitt fyrir þær bakvaktir sem starfsmönnum var ætlað að standa samkvæmt skipulagi. Í skýrslunni er tekið fram að þessi þáttur þarfnist úrbóta á Vesturlandi og Vestfjörðum.

Staða brunavarnaáætlana var fremur slæm en þegar úttektirnar fóru fram var ekkert sveitarfélaganna með gildandi brunavarnaráætlun. Slík áætlun var í vinnslu hjá öllum slökkviliðsstjórum og langt komin hjá þremur, tvö slökkvilið höfðu eldri áætlanir sem fallnar voru úr gildi og höfðu hafið vinnslu á endurnýjun. Staða brunavarnaáætlana í landshlutanum var því metin í lagi, enda í réttum farvegi. Staða brunavarnaráætlana á Vestfjörðum er metin ekki lagi og einungis Ísafjarðarbær með gildandi áætlun sem þýðir að Brunavarnir DRS eru ekki með slíka áætlun.

Þrjár slökkviliðsstjórar töldu að hægt væri að gera úrbætur á dreifikerfi vatnsveitu og vatnsþrýstingi innan starfsvæðis slökkviliðsins, hvort sem um væri að ræða úrbætur á vatnsveitu eða búnaði slökkviliðs til vatnsöflunar.

Á Vestfjörðum taldi þriðjungur slökkviliðsstjóra að kröfur til slökkvivatns og vatnsöflunar væru uppfylltar og helmingur slökkviliðsstjóra taldi að vatnsþrýstingur og möguleikar til vatnsöflunar þörfuðust úrbóta.

Allir slökkviliðsstjórnarnir á Vesturlandi töldu að til staðar væru fullnægjandi samstarfssamningar vegna samliggjandi útkallssvæða eða vegna þjónustu ákveðinna verkefna. Öll lið landshlutans höfðu samninga

við stærri slökkvilið á Suðvesturlandi um aukna aðstoð vegna stærri verkefna tengdum mengunaróhöppum.

Einn af sex slökkviliðsstjórum á Vestfjörðum taldi að til staðar væru fullnægjandi samstarfssamningar vegna samliggjandi svæða, en ekki kemur fram hvaða slökkvilið hefur gert slíkan samning.

Öll slökkviliðin á Vesturlandi og flest á Vestfjörðum taka að sér önnur verkefni, sem eru víkjandi fyrir lögbundnum verkefnum, en sjúkraflutningar eru ekki framkvæmdir af neinu slökkviliði á Vesturlandi.

Allir slökkviliðsstjórar viðhalda upplýsingum um mannskap í útkallsgrunni Neyðarlínu og telja sig geta sent viðunandi afl til að bregðast við útkalli. Fram kemur að menntunarstig þessara slökkviliða eða fjöldi slökkviliðsmanna með réttindi til reykjöfunar getur verið í ósamræmi við kröfur. Miðað við íbúafjölda stærsta þéttbýlis á Vesturlandi, ætti slökkviliðið þar að hafa mannaða dagvakt slökkviliðsmanna, sem miðast við eina útkallseiningu. Sjá samantekt í töflu 2.

Tafla 2: Rekstur slökkviliða á Vesturlandi.

	Í lagi	Parfnast úrbóta	Ekki í lagi
Stjórnendavaktir slökkviliðs	20%	20%	60%
Staða brunavarnaáætlana	100%		
Vatn og vatnsprýstingur til slökkvistarfs		60%	40%
Samstarfssamningar við önnur slökkvilið	100%		

2.2 Heildarfjöldi slökkviliðsmanna

Heildarfjöldi slökkviliðsmanna í landshlutanum voru 109 þegar úttektin fór fram, þ.m.t. stjórnendur slökkviliðanna. Fjöldinn byggist á skilgreindum útkallseiningum samkvæmt slökkviliðsstjóra en gefur ekki upplýsingar um virkni eða menntunarstig einstakra slökkviliðsmanna, sjá töflu 3.

Tafla 3: Fjöldi slökkviliðsmanna skv. upplýsingum úr útkallsgrunni Neyðarlínunnar

Slökkvilið	Fjöldi slökkviliðsmanna
Slökkvilið Akraness og Hvalfjarðarsveitar	30
Slökkvilið Borgarbyggðar	42
Slökkvilið Stykkishólms	20
Slökkvilið Grundarfjarðar	18
Slökkvilið Snæfellsbæjar	19
Brunavarnir DRS	52

2.3 Húsnæði

Á Vesturlandi voru teknar út átta slökkvistöðvar. Í helmingi þeirra var brunahólfun ekki í samræmi við reglugerð og þrjár stöðvanna hýstu einnig aðra starfsemi ótengda starfsemi slökkviliðsins. Ekki var brunahani eða aðstaða til áfyllingar við fimm slökkvistöðvar landshlutans. Aðeins eitt slökkvilið hafði fengið eldvarnareftirlit til að taka út starfsstöðvar sínar.

Á Vestfjörðum voru teknar út 12 slökkvistöðvar en ekki kemur fram hversu margar þeirra tilheyra starfssvæði Brunavarna DSR. Á 10 af 12 stöðvum var brunahólfun í samræmi við reglugerð og brunahani eða aðstaða fyrir áfyllingar var fyrir hendi á 11 af 12 stöðvum. Fjögur af sex slökkviliðum höfðu látið eldvarnareftirlit taka út starfsstöðvar.

Í helmingi tilvika var aðstaða til að geyma hlífðarfatnað í lagi, á tveimur var aðstaða ekki í samræmi við leiðbeiningar og þarfnast úrbóta og á tveimur slökkvistöðvum var aðstaðan metin ekki í lagi þar sem hún var ekki til staðar í húsnæðinu eða hlífðarfatnaður geymdur í akstursfjarlægð frá dælubifreið.

Tvö slökkvilið höfðu aðstöðu til að þrifa hlífðarfatnað og annan búnað og var slík aðstaða til staðar í helmingi slökkvistöðva landshlutans. Almenn þarfnast geymsla á hlífðarfatnaði úrbóta á Vestfjörðum, öll slökkviliðin fengu athugasemdir varðandi aðstöðu til þrifa.

Útkeyrsla forgangsökutækja slökkviliðs var óheft við allar slökkvistöðvar að einni undanskilinni. Gerðar voru athugasemdir við þrjár útkeyrsluhurðir. Í flestum tilvikum gátu ökutæki ekið óhindrað út af stöð á Vestfjörðum. Á tveimur stöðvum voru gerðar athugasemdir við útkeyrsluhurðir.

Í 63% tilvika var talið að slökkvistöðvar uppfylltu leiðbeiningar um plássþörf slökkvistöðva á Vesturlandi, að baðaðstöðu starfsmanna undanskilinni. Á þremur stöðvum var að finna stakar sturtur en fullnægjandi aðstöðu fyrir starfsmenn til þrifa og afeitrunar eftir útköll var hvergi að finna á Vesturlandi (Sjá töflu 4). Talið var að plássþörf slökkvistöðvar samræmdust í leiðbeiningum í 2 af 12 stöðvum á Vestfjörðum og hvergi var að finna slökkvistöð með aðstöðu fyrir starfsmenn til þrifa og afeitrunar eftir útköll.

Tafla 4: Húsnæði slökkvistöðva á Vesturlandi

	Í lagi	Lítið frávík	Þarfnast úrbóta	Ekki í lagi
Aðstaða til geymslu á hlífðarfatnaði	50%		25%	25%
Aðstaða til að þrifa hlífðarfatnað og annan búnað	50%	25%		25%
Akstursleið forgangsökutækja	88%			13%
Útkeyrsluhurðir slökkvistöðvar	63%	13%		25%
Samræmast slökkvistöðvar leiðbeiningum	63%		13%	25%

2.4 Þjálfunar og menntunarmál

Hjá þremur slökkviliða á Vesturlandi var þjálfunaráætlun aðgengileg og taldi sami fjöldi slökkviliðsstjóra að þeir næðu að uppfylla æfingaskyldu fyrir starfsmenn varðandi almenn slökkvistörf og æfingatíma vegna reykköfunar. Hjá tveimur liðum var æfingaskylda ekki uppfyllt og einnig er talið þörf á því að efla almenna

menntun slökkviliðsmanna í sömu liðum. Á Vestfjörðum höfðu fjögur af sex slökkviliðum aðgengilega þjálfunaráætlun og þrír slökkviliðsstjórar töldu að þeir næðu að uppfylla æfingaskyldu og æfingatíma.

Reglubundin læknisskoðun, þol- og styrktarpróf hafði verið framkvæmt hjá þremur slökkviliðum á Vesturlandi og einu á Vestfjörðum.

Gerðar voru athugasemdir hjá fimm af sex slökkviliðum, þar sem ekki höfðu verið sendar inn upplýsingar um reykkafara til HMS. Aðeins eitt lið á Vesturlandi og eitt á Vestfjörðum hafði starfsmenn með gild réttindi til reykköfunar, sjá töflu 5.

Tafla 5: Þjálfun og menntun slökkviliðsmanna

	Í lagi	Lítið frávik	Þarfnast úrbóta
Æfingaskylda slökkviliðs	60%		40%
Menntunarstig slökkviliðs	60%		40%
þol og styrktarpróf	60%		40%
Læknisskoðun	60%		40%
Réttindi til reykköfunar	20%	20%	60%

2.5 Ástand hlífðarfatnaðar og búnaðar

Öll slökkvilið landshlutans voru með hlífðarfatnað samkvæmt viðurkenndum stöðlum. Ástand hans var gott en lítið frávik var hjá einu liði á Vesturlandi, en á Vestfjörðum var þörf á úrbótum að einhverju leyti hjá flestum liðum. Hjá tveimur liðum á Vesturlandi er starfsmönnum útvegaður viðeigandi undirfatnaður til að klæðast undir eldgöllum við slökkvistörf en ekki á Vestfjörðum.

Ekkert slökkviliðanna hafði fullnægjandi eiturefnagalla til umráða. Þeir gallar sem voru til staðar eru komnir fram yfir fyrningartíma frá framleiðanda eða hafa ekki verið þjónustaðir í samræmi við leiðbeiningar framleiðanda. Meirihluti slökkviliðanna á Vesturlandi og helmingur liða á Vestfjörðum uppfyllir kröfur um lágmarksbúnað í samræmi við leiðbeiningar, þær áhættur sem eru innan þeirra starfssvæðis og þar til gerða samninga við annað slökkvilið um ákveðinn hluta viðbragðsins.

Öll slökkvilið á Vesturlandi hafa fullnægjandi búnað til að takast á við björgun fastklemmdra einstaklinga en þriðjungur liða á Vestfjörðum.

Almennt ástand reykköfunarbúnaðar var gott. Í tveimur tilvikum var gerð athugasemd við þá þjónustu sem reykköfunarbúnaður hafði fengið frá þjónustuaðila. Annars vegar athugasemd þar sem ekki var að sjá að þjónusta hefði verið með reglubundnum hætti í samræmi við kröfur. Hins vegar voru reykköfunartæki komin fram yfir tíma á skoðun. Uppsetning á loftpressu var í fjórum tilvikum í samræmi við leiðbeiningar meðal slökkviliða á Vesturlandi og í helmingi tilvika á Vestfjörðum. Gerð var athugasemd við loftgæðamat öndunarlofts hjá tveimur slökkviliðum á Vesturlandi, þar sem gildi voru utan viðmiða reglugerðar. Eitt slökkvilið á Vestfjörðum hafði enga loftpressu og engan reykköfunarbúnað. Sjá töflu 6.

Tafla 6: Ástand hlífðarfatnaðar og búnaðar

	Í lagi	Lítið frávik	Þarfnast úrbóta	Ekki í lagi
Ástand hlífðarfatnaðar	80%	20%		
Viðurkenndur undirfatnaður fyrir slökkviliðsmenn	40%		60%	
Eiturefnagallar slökkviliðs			40%	60%
Lágmarksbúnaður vegna mengunaróhappa	80%			20%
Búnaður til björgunar fastklemmdra	100%			
Skoðun reykköfunartækja	60%		20%	20%
Uppsetning loftpressu	80%		20%	

2.6 Aldur og ástand ökutækja

Slökkviliðin á Vesturlandi hafa yfir 22 ökutækjum að ráða og af þeim eru átta sem eru sem eru 15 ára eða yngri. Heildarfjöldi ökutækja á Vestfjörðum er 27 og af þeim eru átta yngri en 15 ára.

Við úttekt virkaði vatnsdæla í öllum tilvikum sem og öll tæki með froðukerfi. Almennt ástand ökutækja var í samræmi við aldur þeirra en athugasemdir voru gerðar við aldur margra ökutækja sem samræmist ekki leiðbeiningum um lágmarksbúnað, afskriftir og úreldingu búnaðar slökkviliða. Einnig var gerð athugasemd ef ekki var til staðar loftpressa. Eina körfubifreið Vesturlands hafði ekki fengið viðeigandi skoðun Vinnueftirlits og var gerð athugasemd við það, sjá nánar í töflu 7.

Tafla 7: Meðalaldur ökutækja á Vesturlandi og Vestfjörðum

Tegund tækja	Vesturland	Vestfirðir
Dælubifreið	24	21
Tankbifreið	30	30
Körfubifreið	22	41
Tækjabifreið	-	30
Lagnabifreið	40	-
Þjónustubifreið	11	20

Sjá nánari útlistun á tækjabúnaði einstakra slökkviliða í kaflanum *Fjöldi slökkviliðsmanna og tækjabúnaður*.

2.7 Staða eldvarnareftirlits

Öll slökkvilið á Vesturlandi sjá um eldvarnareftirlit á sínum starfssvæðum sem og slökkviliðin á Vestfjörðum, utan eins. Öll höfðu gert eldvarnareftirlitsáætlun á Vesturlandi en eitt lið átti þó eftir að gera hana aðgengilega á vefsíðu og á Vestfjörðum höfðu fjögur af sex slökkviliðum gert áætlun ársins aðgengilega á vefsíðu. Allir slökkviliðsstjórar telja lið sín vera að leiðbeina fyrirtækjum og stofnunum um brunavarnir. Hins vegar eru þrjú sem gera ekki kröfu um eldvarnafulltrúa í skoðanaskyldum fyrirtækjum og tvö þeirra gera heldur ekki kröfu um neyðaráætlun.

Samvinna eldvarnareftirlits og byggingarfulltrúa var metið í lagi m.t.t. Öryggis- og lokaúttekta en hægt væri að bæta samvinnu hjá tveimur slökkviliðum á Vesturlandi og hjá þriðjungi á Vestfjörðum m.t.t. yfirferðar á teikningum. Hjá fjórum liðanna á Vesturlandi og var talið að hægt væri að gera úrbætur á samvinnu við byggingarfulltrúa varðandi búsetu í atvinnuhúsnæði og kortlagningu á því. Þá telur enginn slökkviliðsstjóra sig fá tilkynningar reglum samkvæmt á umfangsmikilli geymslu á efnum sem við eldsvoða getur haft í för með sér sérstaka hættu. Í öllum sveitarfélögum var talið að mönnun eldvarnareftirlits væri í samræmi við reglugerð, miðað við fyrirliggjandi áhættuþætti og skoðanaskyld mannvirki í sveitarfélögum. Hins vegar var það mat slökkviliðsstjóra hjá einu liði á Vesturlandi og þriðjungi á Vestfjörðum að ekki færi nægjanlegur hluti af heildarframlagi sveitarfélags til slökkviliðs í forvarnir og eftirlit, þar sem eldvarnareftirlit var ekki að ná yfir eftirlitsáætlun ársins.

2.8 Tölfræði útkalla

Líkt og fram kom hér að framan, eru lögbundin verkefni slökkviliða skilgreind í 3. gr. reglugerðar um starfsemi slökkviliða nr. 747/2018 og sbr. 4. gr. sömu reglugerðar er heimilt að fela slökkviliði önnur verkefni, sem þó mega ekki draga úr getu slökkviliðs til að sinna lögbundnum verkefnum sínum. Þau verkefni skulu koma fram í brunavarnaráætlun, ásamt ráðstöfunum af hálfu slökkviliðsins til að tryggja að þau dragi ekki úr getu slökkviliðsins til að sinna lögbundnum verkefnum.

Hlutfallsleg skipting útkalla vegna lögbundinna og annarra verkefna er tekin saman í skýrslunni. Sú tölfræði er talin gefa upplýsingar um hvernig álagið er á slökkviliðum. Í skýrslunni er farið yfir helstu tölfræði útkalla slökkviliða ársins 2021, með þeim fyrirvara að skráning í útkallsgrunn Neyðarlínunnar hefur ekki verið stöðluð og því getur verið að ákveðin verkefni séu skráð á misjafnan hátt milli einstaklinga. Lögbundin verkefni eru skráð í eftirfarandi flokka: *Eldur í byggingu, eldur utan bygginga, gróðureldur, leki af hættulegu efni, umferðarslys, viðvörunarkerfi (ekki eldur), Grunur um eld/skoðun.*

Þegar útköll vegna lögbundinna verkefna eru skoðuð, sést að slökkviliðin á Vesturlandi sinntu 5% af heildarútköllum slökkviliða vegna þeirra árið 2021, en þau þjónusta um 4,5% þjóðarinnar m.v. mannfjöldatölur Hagstofunnar. Slökkviliðin á Vestfjörðum sinntu 2% slíkra útkalla og þjónusta 2% af mannfjölda þjóðarinnar.

Af heildarútköllum slökkviliða árið 2021, hafa verkefni önnur en þau sem teljast lögbundin verkefni hæst hlutfall bæði á Vesturlandi og á Vestfjörðum, sjá töflu 8.

Tafla 8: Hlutfallsleg skipting útkalla slökkviliða á Vesturlandi og Vestfjörðum árið 2021.

Skráning útkalla- hlutfall	Vesturland	Vestfirðir
Eldur í byggingu	2%	3%
Eldur utan bygginga	11%	24%
Gróðureldur	12%	2%
Leki af hættulegu efni		
Umferðarslys	15%	15%
Viðvörunarkerfi (ekki eldur)	1%	3%
Grunur um eld/skoðun	13%	15%
Önnur verkefni	36%	29%
Vatnstjón	5%	7%
Önnur verkefni/neyð	1%	2%

2.9 Tillögur að úrbótum

Í skýrslunni kemur fram að víða er þörf á úrbótum á starfsemi slökkviliða og hyggst HMS fylgja eftir þeim athugasemdum sem fram koma og leiðbeina sveitarfélögum og slökkviliðum um nauðsynlegar úrbætur. Hér að neðan er heildarlisti yfir þá þætti sem stofnunin hyggst hafa að leiðarljósi í úrbótavinnu á næstunni.

- ✓ Ráðast þarf í nánari greiningu á starfsemi slökkviliða á grundvelli fyrirliggjandi úttekta. Mikilvægt er að samræma og samþætta brunavarnir og önnur lögbundin verkefni slökkviliða til að tryggja viðeigandi viðbragð á öllum starfssvæðum slökkviliða.
- ✓ Styðja þarf sveitarfélögin með því að hvetja til samstarfs og sameiningar minni slökkviliða er hafa ekki burði til að uppfylla lögbundnar kröfur og/eða takast á við stórar áhættur á þeirra svæðum. Þar sem slökkvilið er ekki í stakk búið til að takast á við lögbundin verkefni er nauðsynlegt að koma á skriflegum samstarfssamningi við annað lið um að annast þau verkefni.
- ✓ Áfram verður unnið að eftirfylgni með gerð brunavarnaáætlana sveitarfélaga í samstarfi við slökkviliðin og að aukin verði eftirfylgni með að unnið sé í samræmi við þær.
- ✓ Vinna þarf að því að stjórnendavaktir séu tryggðar á öllum starfssvæðum slökkviliða og að starfshlutfall slökkviliðsstjóra sé í samræmi við ábyrgð hans og valdheimildir.
- ✓ Stuðla að samræmdu verklagi við lögbundin verkefni slökkviliða og skilvirka innleiðingu nýjunga í slökkvi- og björgunartækni.
- ✓ Áframhaldandi þróunarvinna Brunagáttarinnar í samstarfi við slökkviliðin. Mikilvægt að gáttin nýtist sem best sem stjórn tæki á sviði brunamála og til að ná fram yfirsýn um stöðu slökkviliða landsins, s.s. með gerð á stafrænna brunavarnaáætlana. Huga þarf að tengingu gáttarinnar við aðrar stafrænar lausnir, s.s. Brunavörðinn.
- ✓ Til að tryggja samræmingu á verklegri kennslu og þjálfun slökkviliðsmanna er nauðsynlegt að bæta aðstöðu og aðgengi að menntun og þjálfun slökkviliðsmanna við innleiðingu á nýrri reglugerð um Brunamálaskólan.
- ✓ Gera þarf greiningu á áhrifum sjúkraflutninga á lögbundin verkefni slökkviliða og viðbragðsgetu. Kanna hvort setja þurfi reglur til að koma í veg fyrir að dregið sé úr nauðsynlegu viðbragði slökkviliða sem reka jafnframt sjúkraflutninga.
- ✓ Gera þyrfti samræmda úttekt á vatnsveitu og dreifikerfum á starfssvæðum allra slökkviliða landsins í samstarfi við vatnsveitur og leita leiða til að efla vatnsöflun og tryggja slökkvivatn á erfiðum svæðum.
- ✓ Samræma þarf eldvarnareftirlit sveitarfélagana og koma á frekari úrræðum eldvarnareftirlits. Tryggja þarf að öll slökkvilið landsins nýti Brunavörðinn vegna eldvarnareftirlits
- ✓ Gera þarf sértæka úttekt á stöðu búnaðar vegna mengunaróhappa á starfssvæðum slökkviliða. Auka þarf sérfærni slökkviliða sem þjónusta önnur lið um viðbótaraðstoð vegna mengunarvarna og koma á auknu samstarfi milli aðila.
- ✓ Auka þarf samstarf eftirlitsstofnanna sem koma að eiturefnamálum varðandi tilkynningar til slökkviliða um umfangsmikla geymslu og flutning hættulegra efna.
- ✓ Stuðla þarf að uppbyggingu á það- og afeitrunaraðstöðu aðstöðu slökkviliða og bæta almenna aðstöðu til þrifa á hlífðarfatnaði og öðrum búnaði slökkviliða á stöð.

3 Spurningalisti – Viðhorf stjórnenda slökkviliða á Vesturlandi

Til að greina nánar stöðu og viðhorf slökkviliðsstjóra á Vesturlandi til ýmissa þátta var öllum slökkviliðsstjórum á Vesturlandi sendur spurningalisti þar sem spurt var út í stöðu ýmissa þátta er varðar rekstur slökkviliðanna og viðhorf til samstarfs eða sameiningar. Sjö svör bárust frá sex slökkviliðum. Vakin er athygli á að slökkviliði Brunavarna Dala, Stranda og Reykhóla var sendur spurningalistinn og því eru svör þess slökkviliðs hér tekið með öðrum slökkviliðum á Vesturlandi.

Svörin voru flokkuð eftir innihaldi og hér eru teknar saman helstu niðurstöður.

3.1 Fjöldi slökkviliðsmanna og tækjabúnaður

Slökkviliðsstjórar voru beðnir að senda upplýsingar um fjölda slökkviliðsmanna og tækjabúnað. Ekki er samræmi milli fjölda slökkviliðsmanna samkvæmt svörum slökkviliðsstjóra og þeim upplýsingum sem fram koma í skýrslu HMS. Mestur er munurinn hjá Slökkviliði Borgarbyggðar, en þar hefur slökkviliðsmönnum fjölgað úr 42 í 57. Slökkviliðsmönnum hefur fjölgað um sex í Stykkishólmi en fækkað um níu hjá Brunavörnum DRS. Í öðrum slökkviliðum er fjöldinn sá sami eða munar einum. Sjá töflu 9.

Tafla 9: Fjöldi slökkviliðsmanna

	Fjöldi
Slökkvilið Akraness og Hvalfjarðarsveitar	30 -32
Slökkvilið Borgarbyggðar	57
Slökkvilið Stykkishólms	26
Slökkvilið Grundarfjarðar	18
Slökkvilið Snæfellsbæjar	18
Brunavarnir DRS	43 (þ.a. 15 í Dalabyggð)

Upplýsingar um tækjabúnað bárust frá öllum slökkviliðsstjórum. Hafa ber í huga að ekki voru gerðar sérstakar kröfur um hvernig upplýsingar skyldu fram settar og því er um ólíka framsetningu að ræða, sjá töflu 10.

Tafla 10: Tækjakostur slökkviliða á Vesturlandi

	Tækjakostur
Slökkvilið Akraness og Hvalfjarðarsveitar	Ford 450 4X4 árgerð 2008 Dælubíll (1200 l/mín dæla), 1000 l vatni, One seven slökkvikerfi Klippubúnaður rafmagnsdrifin (2013), Loftpúðar (lítið), Reykköfunarbúnaður fyrir 2, Reykblásari (rafmagn), Hitamyndavél Dráttarspil Volvo FM16 4X4 árgerð 2001 Dælubíll (3000 l/mín dæla), 3000 l vatni, One seven slökkvikerfi, Monitor á þaki, Klippubúnaður glussadrifin (2008), Loftpúðar (stórir), Reykköfunarbúnaður fyrir 6, Reykblásari (bensín), Reykblásari (rafmagn) Búnaður til þrifa á eldsneyti og olíum eftir umferðarslys Scania P500 4X4 árgerð 2024 Dælubíll (4000 l/mín dæla), 4000 l vatni, One seven slökkvikerfi, Monitor á þaki og monitor í framstuðara, Klippubúnaður (battery), Loftpúðar,

	<p>Reykköfunarbúnaður fyrir 4, Reykblásari (battery), Stór stigi á þaki, Hitamyndavél til að aka eftir, Ljósamastur með myndavél (streymi), Dráttarspil að framan 8.1 tonn, Búnaður til þrifa á eldsneyti og olíum eftir umferðarslys</p> <p>Man 19.292 4X4 árgerð 1991 Tankbíll 10.000 l, Dæla 3000 l/mín, Monitor 2400 l/mín, Reykblásari (bensín)</p> <p>Toyto Hilux 4X4 árgerð 2017, Stjórnandabíll</p> <p>Mercedes bens Sprinter árgerð 2016, Aðgerðastjórn / mannskapsbíll 14 sæti + bílstjóri, Aðstaða fyrir aðgerðarstjórn / reykköfunarstjórnanda, Tetra stjórnstöð, 230 V AC fyrir fartölvu á borði</p> <p>Can am torfæruhjól sexhjól 6X6 árgerð 2017 Pallur, Krókur fyrir léttakerru, Dráttarspil</p> <p>Lausadætur: Tohitsu VE1500 1500 l/mín árgerð 2022 Tohitsu VE1500 1500 l/mín árgerð 2023 One Seven 1200 l/mín árgerð 2008 Dodvin GP1600 1600 l/mín árgerð 1980 Honda WB30XT 1100 l/mín árgerð 1985</p> <p>Kerrur: Eiturefnakerra (Brunamálastofnun), Grunnbúnaður til að fást við efnaslys Skoltjald/afeitrun með öllum búnaði, 10 eiturefnagallar (útrunnir en nýtast til æfinga) Víkurvagnar KF20Z 1400 kg árgerð 2012, Fyrir torfæruhjól (6 hjól) Daxara 158 650 kg árgerð 2008, Fyrir búnað</p> <p>Búnaður á slökkvistöð: Loftpressur: Lenhardt & Wagner GmbH, LW 450 ES II 330 bar 450 l/mín 11 kW árgerð 2016</p> <p>Lenhardt & Wagner GmbH LW 200 E 330 bar 0.200 m³/mín 5.5 kW árgerð 2007 Gallaþvottavél: GIRBAU HS6017 Gallaþurrkari: PODAB ProLine FC20 Fjarskipti: Tetra handstöðvar 18 stk, Tetra reykköfun 6</p>
Slökkvilið Borgarbyggðar	5 dælubílar, 2 tankbílar, 1 körfubíll, 3 mannskaps- og þjónustubílar, 1 bakvaktar- og undanfarabíll.
Slökkvilið Stykkishólms	Tveir dælubílar árgerð 1998 og 1982 og tankbíll árgerð 2008 tvær lausar dælur 13 reykköfunartæki
Slökkvilið Grundarfjarðar	Volvo dælubíll árg 2001 3500 l vatn 3200 l/mín dæla. Iveco tankari árg 1985 12000 l vatn engin dæla eins og er en erum með 15000 l vatns laug. Ford Econline árg 1992 mann og búnaðar bíll.

Slökkvilið Snæfellsbæjar	Scania RIG88 árg. 2008, með 4000 lítra vatnstank, 200 lítra froðutank og afköst dælu 4000 l/mín. Mercedes Benz HY835 árg. 1986, með 2500 lítra vatnstank og afköst dælu 3400 l/mín. Laus dæla Fox/Rosenb. Afköst dælu 1600 l/mín
Brunavarnir DRS	Dalabyggð: Tveir bílar. Dælu- og klippubifreið Ford 450, árgerð 2007 með One Seven kerfi. Tankbíll, MAN árgerð 1990, 7.000 l tankur og 4.200 l/min dæla Laus dæla 600l/min Reykhólar: Tveir bílar. Dælu- og klippubifreið Ford 450, árgerð 2006 með One Seven kerfi. Tankbíll, MAN árgerð 1998, 9.000 l tankur og 900 l/min dæla Strandabyggð: Dælubifreið MAN árgerð 2018. 5.000 l tankur, 3.000 l/min dæla.

3.2 Viðhorf stjórnenda slökkviliða til frekara samstarfs /sameiningar

Spurt var um ýmsa þætti er varðar samstarf, samþættingu og sameiningu ýmissa þátta í starfsemi slökkviliða, samanber erindisbréf starfshópsins. Hér á eftir fylgir samantekt svara við þeim spurningum.

3.2.1 Hvernig er samstarfi háttáð við önnur slökkvilið hvað varðar gagnkvæma aðstoð?

Allir svarendur nefndu samning um gagnkvæma aðstoð sem er í gildi milli allra slökkviliða á Vesturlandi, undirritaður í febrúar 2010.

Þess utan eru tvö slökkvilið með samning við Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins um gagnkvæma aðstoð vegna eldsvoða og vegna mengunaróhappa, og annað þeirra er að sama skapi með samning við Brunavarnir Suðurnesja um gagnkvæma aðstoð ásamt viðauka vegna mengunaróhappa.

3.2.2 Samþætting brunavarna og annarra lögbundinnar þjónustu

Ef samþætting á sér stað í dag - Hver er hún?

Þrjú svarendur nefndu að samþætting ætti sér stað á afmörkuðum þáttum starfseminnar; allt frá aðferðafræði við útkall yfir í rekstrarfyrirkomulag um slökkviliðsstjóra.

- ✓ Kallað út beggja vegna frá slysstað þegar um umferðarslys er að ræða
- ✓ Tveir starfsmenn í dagvinnu sem sinna eldvarnareftirliti auk almennra verkefna sem snúa að rekstri og viðhaldi og gegna útköllum í og utan dagvinnutíma.
- ✓ Samþætting þriggja slökkviliða með einum slökkviliðsstjóra í 100% starfi.

Eru tækifæri til frekari samþættingar?

Einn svarandi nefndi öll innkaup búnaðar s.s. bifreiða, persónubúnaðar og á ótal mörgum sviðum rekstrar slökkviliðanna. Einn sá ekki að tími leyfði það miðað við umfang núverandi verkefna og einn nefndi að möguleg samþætting gæti falist í að geyma ákveðinn sérhæfðan búnað á einni slökkvistöð sem væri miðsvæðis.

- ✓ Búnaðarkaup (bifreiðar, persónubúnaður ofl.)

- ✓ Ekki tækifæri miðað við umfang núverandi verkefna
- ✓ Geymsla á sérhæfðum búnaði miðsvæðis

Samþætting þjónustu er ekki til staðar - Hvaða möguleika telur þú til samþættingar?

Þrír nefndu möguleika á samþættingu um eldvarnareftirlit, tveir nefndu fræðslu; til almennings, skóla og viðbragðsaðila, einn nefndi sameiginlega brunavarnaráætlun, sameiginlegan sérhæfðan búnað, og sameiginlega sérhæfða þjálfun. Einn nefndi sameiginleg innkaup búnaðar og annar nefndi að það væru litlir möguleikar til samþættingar.

Einn nefndi aðstöðu til æfinga; öll slökkviliðin þurfi að hafa til staðar lágmarksaðstöðu til æfinga, en möguleiki væri á að koma upp sérhæfðri aðstöðu á einhverju sviði sem önnur lið gætu nýtt sér.

- ✓ Eldvarnareftirlit (3)
- ✓ Fræðsla (2)
- ✓ Sameiginleg brunavarnaráætlun
- ✓ Sameiginlegur sérhæfður búnaður
- ✓ Sameiginleg sérhæfð þjálfun
- ✓ Innkaup
- ✓ Litlir möguleikar til samþættingar
- ✓ Sérhæfð aðstaða til æfinga

3.2.3 Samþætting/samstarf um stjórnendavaktir

Svarendur virtust vera beggja blands varðandi samþættingu/samstarf um stjórnendavaktir. Bent var á að taka þyrfti ákvarðanir um slíkt að vel athuguðu máli og að með sameiningu allra slökkviliða á Vesturlandi yrði einn slökkviliðsstjóri og einn varaslökkviliðsstjóri en varðstjórar gætu sinnt stjórnun á vettvangi. Aðrir bentu á að slökkviliðsstjóri beri alltaf ábyrgð á mönnum og aðgerðum á vettvangi og æskilegt að hann sé mættur með liðinu í útkall. Þannig geti vegalengdir milli staða verið ógnun, ásamt tregðu við breytingar og hrepparíg.

Tækifæri:

- ✓ Taka þarf slíkar ákvarðanir að vel ígrunduðu máli (2)
- ✓ Einn slökkviliðsstjóri, einn varaslökkviliðsstjóri og varðstjórar sem sinna bakvöktum og eru vettvangsstjórar á vettvangi (2)
- ✓ Samnýta stjórnendavaktir
- ✓ Slökkviliðsstjóri er ábyrgur fyrir mönnum og aðgerðum hverju sinni
- ✓ [...] stjórnandi þarf að vera mættur með liðinu strax í útkall [...]

Ógnanir:

- ✓ Vegalengdir of miklar
- ✓ Stjórnandi þarf að vera mættur með liðinu í útkall
- ✓ Stjórnandi á vakt þarf að þekkja svæðið vel
- ✓ Hrepparígur
- ✓ Ótti við breytingar

3.2.4 Möguleikar til samræmingar á verklagi slökkviliða.

Fjórir svarendur bentu á að verklag slökkviliða sé eða eigi að vera mjög samræmt í dag, enda vinni öll slökkvilið samkvæmt sömu lögum og reglugerðum og allir slökkviliðsmenn fari í gegnum sama nám. Tveir nefndu að gott samstarf væri mikilvægt og að miðla þurfi fræðslu milli slökkviliða. Margar og fjölbreyttar hugmyndir komu fram í svörum, um möguleika á samræmingu í verklagi allt frá brunavarnaráætlun, samræmdum ferlum og til innkaupaferla á búnaði og tækjum.

- ✓ Brunavarnaráætlun
- ✓ Samræmdir verkferlar við reykköfun, reykköfunarstjórnun, slökkvitækni, björgun fólks úr umferðarslysum.
- ✓ Samræmd túlkun aðgerða
- ✓ Samræmdur rekstur, samræmd vinnubrögð
- ✓ Þjálfun og menntun
- ✓ Innkaup á persónubúnaði, bifreiðum og búnaði
- ✓ Samræmd tegund af reykköfunartækjum; einn þjónustuaðili
- ✓ Samræmi í bíltegundum- einn til tveir umboðsaðilar/þjónustuaðilar
- ✓ Fræðsla milli slökkviliða, gott samstarf (2)
- ✓ Hver slökkvistöð sé vel tækjum búin, svo viðbragð sé í lagi á heimastöð þegar aðstoð er veitt á öðrum svæðum.
- ✓ Verklag slökkviliða á að vera mjög samræmt í dag, því allir ganga í gegnum sama nám
- ✓ Verklag slökkviliða á að vera mjög samræmt þar sem öll slökkvilið vinna skv. Sömu lögum og reglugerðum.(4)
- ✓ Brunamálasvið HMS er vettvangur til að vinna að samræmingu liðanna með útgáfu verkferla ofl.

3.2.5 Samstarf um kennslu og þjálfun slökkviliðsmanna.

Fjórir svarendur töldu tækifæri felast í samstarfi um kennslu og þjálfun, m.a. með fjarkennslu í bóklegu námi, sem myndi skila sér í betri útkomu útkalla. Með slíku samstarfi væru möguleikar á fleiri námskeiðum. Einn nefndi þjálfunarstjóra í fullt starf og annar nefndi að mikilvægt væri að rækta upp góða kennara eða þjálfara í heimabyggð sem gæti séð um þjálfun sinna manna og sinnt kennslu annarsstaðar. Þá var nefnt að mikilvægt væri að koma upp fullkomnum æfingasvæðum í hverjum landsfjórðungi, en benti þó á þann ókost að vegalengdir væru langar og kostnaðarsamt væri að senda slökkviliðið í mörgum hópum á slíkt æfingasvæði, enda ekki hægt að senda marga í einu langar vegalengdir án þess að stofna öryggi íbúa í hættu.

Aðspurðir um stöðuna í dag, nefndu flestir að Brunamálaskóli HMS sjái um allt nám í samstarfi við Brunavarnir Árnassýslu. HMS hefur það hlutverk og fjármagn til að reka Brunavarnaskólann og einn nefndi að hæpið væri að einstök slökkvilið hafi burði til að taka við hlutverki HMS. Tveir nefndu að staðan væri mismunandi og að lítið samstarf væri milli slökkviliða. Einn nefndi að ekki væri skilgreint eldvarnareftirlit á öllum svæðum á Vesturlandi og einn nefndi að slökkviliðsstjóri hefði umsjón með æfingum.

A. Tækifæri

- ✓ Möguleiki á fleiri námskeiðum
- ✓ Samræmt fyrirkomulag /samstarf í bóklegu og verklegu námi skilar sér í betri útkomu útkalla (4)
- ✓ Þjálfunarstjóri í fullt starf

- ✓ Skiptast á þekkingu milli manna
- ✓ Koma upp fullkomnum æfingasvæðum í hverjum landsfjórðungi
- ✓ Ókostur við sameiginlegt æfingasvæði er að ekki er unnt að fara með nema lítið brot af slökkviliði langar vegalengdir án þess að stofna öryggi íbúa í hættu. Kostnaðarsamt að skipta liðinu í margar einingar í stað þess að hafa æfingasvæði á hverju svæði fyrir sig

B. Staðan í dag?

- ✓ Brunamálaskóli HMS sér um allt nám í samstarfi við Brunavarnir Árnassýslu (4)
- ✓ Mjög mismunandi, lítið samstarf milli slökkviliða (2)
- ✓ HMS fær fjármagn til að reka Brunamálaskólann og ber skylda að mennta slökkviliðsmenn. Sé ekki að slökkvilið hafi burði til að taka við hlutverki HMS
- ✓ Æfingar í höndum slökkviliðsstjóra auk varðstjóra
- ✓ Vegalengdir áskoranir varðandi þjálfun og kennslu
- ✓ Ekki skilgreint eldvarnareftirlit á öllum stöðum á Vesturlandi

3.2.6 Samstarf um eldvarnareftirlit.

Þrír nefndu að samstarf væri mögulegt milli nálægra svæða og tveir nefndu að það væru möguleikar ef fleiri starfsmenn væru til að sinna eftirliti. Einn nefndi að unnt væri að samþætta verkhluta ef sérstök deild innan sameinaðs slökkviliðs með deildarstjóra og eldvarnareftirlitsmönnum myndi sjá um eldvarnareftirlitið.

Aðspurð um hvernig eftirlitinu er háttað í dag, svöruðu flest að eldvarnareftirliti sé ábótavant; þrír nefndu að ekki næðist að uppfylla skyldur eða áætlanir um eldvarnareftirlit. Tveir nefndu að slökkviliðsstjóri og varaslökkviliðsstjóri sinni eftirlitinu, hjá einu slökkviliði var ráðinn inn starfsmaður í fullt starf til að sinna eftirlitinu, og hjá einu er eftirlitinu útvistað með samningi.

Einn svarenda taldi mögulegt að varaslökkviliðsstjóri gæti bætt við sig skoðunum en fjórir svarendur töldu það hæpið eða ekki gerlegt miðað við núverandi mönnun og rekstur.

Allir sem svöruðu voru sammála um að það væri ekki góð hugmynd að útvista verkefni um eldvarnareftirlit. Reynsla af slíku hafi ekki verið góð, og það séu fáir aðilar sem taki slíkt að sér. Þá var bent á að slökkviliðsstjóri beri alltaf ábyrgð á eftirlitinu og eftirfylgni og útvistun myndi hafa í för með sér aukinn kostnað, auk þess sem mikilvæg þekking verði til við eftirlitið sem skili sér á vettvangi ef eldur kemur upp.

A. Samstarfsmöguleikar?

- ✓ Samvinna um eldvarnareftirlit milli nálægra svæða (3)
- ✓ Sérstök deild innan sameinaðs slökkviliðs með deildarstjóra og eldvarnareftirlitsmönnum – með því unnt að samþætta verkhluta
- ✓ Möguleikar á samstarfi ef fleiri starfsmenn eru sinna eftirliti (2)

B. Hvernig er eftirlitinu háttað í dag?

- ✓ Erum með samning um eldvarnareftirlit, framkvæmdin valdið vonbrigðum
- ✓ Mjög mismunandi, fer eftir starfshlutfalli slökkviliðsstjóra á hverjum stað.
- ✓ Eftirlit á öllu Vesturlandi er undir viðmiðunarmarkmiðum reglugerðar um eldvarnareftirlit

- ✓ Sinnum þessu sjálfir
- ✓ Slökkviliðsstjóri og varaslökkviliðsstjóri sjá um þetta
- ✓ Ráðinn var starfsmaður í fullt starf árið 2020 í eldvarnareftirliti. Sinnir ásamt slökkviliðsstjóra skyldum liðsins varðandi skoðunaráætlun en nær ekki að uppfylla þá skyldu.
- ✓ Sinna einnig öryggisúttektum, lokaúttektum, tækifærisleyfum, rýni og samþykki á teikningum
- ✓ Slökkviliðsstjóri sér um eftirlit- hefur ekki náð að komast yfir þær skoðanir sem hann hefur áætlað
- ✓ Slökkviliðum ber skylda að leggja fram 4ra ára skoðunaráætlun vegna eldvarnareftirlits. Flest slökkvilið ná ekki að uppfylla skyldur sínar með þeim mannskap sem þau hafa

C. Tækifæri til að taka að sér verkefni fyrir önnur slökkvilið?

- ✓ Ekki miðað við núverandi mönnun og rekstur (4)
- ✓ Varaslökkviliðsstjóri gæti bætt við sig skoðunum
- ✓ Það er takmarkað svigrúm til þess

D. Tækifæri til þess að útvista verkefninu?

- ✓ Ekki góð reynsla af því (4)
- ✓ Fáir sem bjóða upp á þá þjónustu (2)
- ✓ Mjög óskynsamlegt
- ✓ Slökkviliðsstjóri ber alltaf ábyrgð
- ✓ Aukinn kostnaður og minni gæði ef eldvarnareftirliti er útvistað (2)
- ✓ Mikilvæg þekking fæst samhliða eldvarnareftirlitinu sem nýtist ef eldur kemur upp

3.2.7 Samstarf um kaup á búnaði

Flestir voru áhugasamir um samstarf um kaup á búnaði og einn nefndi að þegar væri í gangi samstarf um kaup á slökkvibílum. Ýmislegt var nefnt; heildarútboð á bifreiðum, einstaka búnaður og tæki. Ef allir bílar væru sömu tegundar eða settir upp með sama búnaði væri unnt að lækka rekstrarkostnað, auðvelda viðhald og fækka þjónustuaðilum. Sameiginlegur sérhæfður búnaður sé mögulegur en þá þurfi að huga að staðsetningu þess búnaðar. Slík sameiginleg innkaup megi ekki koma niður á nauðsynlegum búnaðarkaupum hjá hverju slökkviliði.

- ✓ Samstarf um kaup á ýmsum búnaði væri áhugavert, huga þarf að geymslustað og fjarlægðum milli staða
- ✓ Borðleggjandi; fjarskiptabúnað, reykköfunartæki, reykblásara, stjórnþúnað, dælubílar
- ✓ Stærra útboð leiðir til hagkvæmni og lægri verða
- ✓ Hægt að samþætta allan búnað; eðlilegri rekstrarkostnaður ef allir bílar eru settir upp með sama búnaði. Auðveldar viðhald og fækkar þjónustuaðilum
- ✓ Hvert svæði gæti sérhæft sig í búnaði m.t.t. aðstæðum á hverjum stað
- ✓ Með sérhæfingu kæmi ríkari samstarfsmöguleikar milli landsvæða og samnýting starfsfólks og búnaðar
- ✓ Gott að búnaður sé samræmdur og aukið samstarf. Má þó ekki draga úr nauðsynlegum búnaðarkaupum hjá hverju slökkviliði
- ✓ Á hverri slökkvistöð þurfa að vera a.m.k. tveir dælubílar, tankbíll ef þarf vegna vatnsöflunar, og körfu-/stigabíll ef byggð hafa verið hús tvær hæðir eða hærri.
- ✓ Það þarf að vera mjög sérhæfður búnaður sem hægt er að eiga saman

- ✓ Samnýting er alltaf mjög góð ef hún á við
- ✓ Sé ekki hvernig viðbragðsaðilar á sitthvoru starfssvæðinu geta deilt búnaði sem ætlað er að nýtast í fyrstu viðbrögð við björgun fólks
- ✓ Slík samnýting er í gangi varðandi kaup á slökkvibílum

3.2.8 Samstarf um viðbrögð og aðstoð vegna mengunarslysa

Fjögur slökkvilið á Vesturlandi eru með samning við slökkvilið Höfuðborgarsvæðisins (SHS) vegna mengunarslysa, en slíkur samningur er í undirbúningi hjá því fimmta. Þá er eitt slökkvilið með sams konar samning við Brunavarnir Suðurnesja til viðbótar, og annað á kerru með grunnbúnaði í sameign með nágranna slökkviliði.

Fáir sáu sérstök tækifæri í samstarfi varðandi mengunarslys, enda sé búnaður sérhæfður og SHS hafi yfir þessum búnaði að ráða, sem og slökkviliðið á Akureyri. Mengunarslys eru mjög sérhæfð og sjaldgæf, og ekki auðvelt að viðhalda þekkingu. Með sameiginlegum kaupum á búnaði og þjálfun væri þó möguleiki á að auka öryggi á svæðinu.

Aðspurðir um möguleika á samrekstri á búnaði var nefnt að hafnir á einu svæði séu með búnað vegna mengunarslysa. Einn nefndi að ekkert slökkvilið á Vesturlandi sé nægilega vel búið til viðbragða við mengunarslysum og því væri sameiginleg uppbygging á búnaði góð og nauðsynleg. Þó mátti greina efasemdir þar sem búnaður til fyrstu viðbragða þurfi að vera á hverri stöð vegna vegalengda og ólíklegt megi telja að næg þekking verði fyrir hendi vegna framhaldsaðgerða.

Einn nefndi að sveitarstjórnir þurfi að ákveða hvað lengi getur talist eðlilegt að bíða með að bregðast við. Svona hugmyndir þurfi að skoða vel út frá áhættu og staðsetningu.

A. Á slökkviliðið í samstarfi við önnur lið?

- ✓ Samningur við slökkvilið Höfuðborgarsvæðisins (SHS) vegna mengunarslysa (5)
- ✓ Samningur við Brunavarnir suðurnesja og SHS
- ✓ Eigum kerru með nágrannaslökkviliði með grunnbúnaði
- ✓ Ekki formlegu en til stendur að gera samning við SHS

B. Tækifæri til frekara samstarfs?

- ✓ Held ekki þar sem SHS er með flest allt sem þarf /flesta lið á landinu eru með samstarfssamning við SHS þegar kemur að þessum málaflokki (2)
- ✓ Sé það ekki þar sem mest allur búnaður er hjá SHS eða á Akureyri
- ✓ Klárlega hvað þjálfun varðar og aðkomu að stórelidsvoðum og mengunarslysum og samnýtingu nauðsynlegs búnaðar
- ✓ Mengunarslys eru mjög sérhæfð og kannski ekki auðvelt að halda við nægri þekkingu þar sem þau eru ekki algeng
- ✓ Með sameiginlegum kaupum á búnaði og þjálfun væri möguleiki á að auka öryggi á svæðinu.
- ✓ Þó verður að vera til staðar lágmarksbúnaður til staðar skv. áhættu á hverjum stað

C. Möguleikar um samrekstur á búnaði?

- ✓ Hafnirnar í Snæfellsbæ hafa verið með búnað vegna mengunarslysa í höfnum

- ✓ Ekkert slökkvilið á Vesturlandi er nægilega vel búið til viðbragða við eiturefnaslysum eða mengunaróhöppum. Samstarf og sameiginleg uppbygging á búnaði er svo sannarlega góð og nauðsynleg
- ✓ Eitthvað sem þyrfti að skoða í sameiningu milli aðila
- ✓ Já og nei þar sem búnaður til fyrstu viðbragða þarf að vera til á hverri stöð vegna vegalengda. Ólíklegt að næg þekking verði fyrir hendi vegna framhaldsaðgerða
- ✓ Sé keyptur búnaður á að vera hægt að samreka það, nema eiturefnagalla sem allir þurfa að eiga
- ✓ Já möguleikar eru í að eiga sameiginlegan búnað í þessum málaflokk en vegalegndir geta ekki verið langar milli aðila.
- ✓ Þegar um eiturefna-, mengunar- og umhverfisslyss er að ræða, þá verða sveitarfélög að vera búin að ákveða hvað lengi getur talið eðlilegt að bíða með að bregðast við
- ✓ Grundvöllur fyrir því en það þarf að skoða vel út frá áhættu og staðsetningu

3.2.9 Sérð þú tækifæri í sameiningu slökkviliða?

Hefur þú reynslu af samstarfi slökkviliða og ef já hvernig?

Fimm svarenda nefndu samstarf við önnur slökkvilið í stærri útköllum, á æfingum og á námskeiðum, eða á vettvangi umferðarslysa og stórelidsvoða, auk eldvarnareftirlits og skoðunar á vettvangi bruna. Þá er BDRS byggðasamslag sem byggir á samstarfi slökkviliða, og raunverulegt samstarf er helst á vöktum og í útköllum en er að færast yfir í þjálfunarhlutann.

- ✓ Samstarf við næstu nágretta í stærri útköllum, æfingum og námskeiðum (2)
- ✓ Samstarf við önnur slökkvilið - á vettvangi umferðarslysa, vegna eldvarnareftirlits- og skoðunar á vettvangi bruna, og stórelidsvoða (3)
- ✓ BDRS byggir á samstarfi slökkviliða, raunverulagt samstarf helst varðandi vaktir en er að færast yfir í þjálfunarhluta. Annars er það helst varðandi útköll

Hvaða sameiningarmöguleika sérð þú fyrir þér?

Sameinast næstu nágörnum

Fjórir svarendur töldu vænlegan kost að sameinast næstu nágörnum og tveir nefndu að ef ekki væri valkostur að sameina öll slökkvilið á Vesturlandi, þá væri sameining við næstu nágretta næsti kostur. Helstu ógnanir varðandi sameiningar slökkviliða felast í vegalengdum milli svæða að mati svarenda. Slökkvilið Dalabyggðar er þegar í byggðasamslagi með öðrum slökkviliðum. Sameinuð slökkvilið krefjast aukinna brunavarna og tryggja þarf þéttara net slökkvistöðva til að geta uppfyllt kröfu um 15 mín. útkallstíma.

- ✓ Sameinast næstu nágörnum (4)
- ✓ Vegalengdir helsta vandamálið
- ✓ Tryggja yrði þéttara net slökkvistöðva til að geta uppfyllt þá kröfu um 15 mín útkallstíma
- ✓ Krefst aukinna brunavarna skv. reglugerð
- ✓ BDRS taki yfir slökkvilið Kaldranahrepps og þjónusti Árneshrepps. Möguleiki á að sameinast í heildarsamslag við Hvammstanga
- ✓ Já sem kostur tvö ef að ekki er góður hugur og hljómgrunnur fyrir því hjá sveitarstjórnnum á öllu Vesturlandi að sameinast í byggðasamslagsrekstur.

- ✓ Ef ekki er hugur á að gera byggðasamlag er líka góður kostur að sameinast næstu nágörönnum.

Byggðasamlag um slökkvilið á Vesturlandi

Tveir svarenda voru afdráttarlausir í svörum sínum um að stefna ætti að byggðasamlagi um slökkvilið á Vesturlandi. Horfa ætti til Brunavarna Suðurnesja og Brunavarna Árnassýslu. Með því væri hægt að samþætta allan rekstur og allt skipulag. Tveir drógu í efa að sameinað slökkvilið í byggðasamlagi væri betri kostur. Báðir bentu á að fjarlægðir gætu verið of miklar og annar viðraði áhyggjur af því að viðbragð myndi minnka á stöðum yst á svæðinu og velti fyrir sér hvort sveitarfélög væru tilbúin að auka framlög til málaflokksins og benti á að veruleg þörf væri á uppbyggingu húsnæðis flestra slökkvistöðva á svæðinu. Þá taldi einn að hugmyndin væri áhugaverð en tryggja þyrfti að lagt yrði til stofnframlag til úrbóta á húsnæði og búnaði til að samræma aðstöðu.

Einn vildi ekki leggja mat á hvort grundvöllur væri fyrir heildarsamlagi nema þá helst ef til sameiningar sveitarfélaga kæmi.

Bent var á að byggðasamlag væri ekki sparnaðarráð, heldur merki um bættu þjónustu, betra öryggi fyrir starfsmenn, íbúa og gesti.

Bent var á dæmi um byggðasamlög sem hafa gengið vel s.s. BÁ og BS auk Sorpurðunar Vesturlands, en einnig bent á að reynt hafi verið að gera byggðasamlag um félagsþjónustu sem ekki hafi gengið vel.

- ✓ Fjarlægðir gætu verið of miklar. Búið að reyna byggðasamlag t.d. um félagsþjónustu sem gekk ekki vel
- ✓ Já kostur eitt, alveg hiklaust. Horfa til Brunavarna Suðurnesja og Brunavarna Árnassýslu. Bent á að byggðasamlag um Sorpurðun Vesturlands gangi vel
- ✓ Það er ekki spurning að sameina öll slökkvilið á Vesturlandi í eitt byggðasamlag og samþætta allan rekstur og allt skipulag
- ✓ Sameining í byggðasamlag er ekki sparnaðarráð, heldur merki um bættu þjónustu, betra öryggi fyrir starfsmenn, íbúa og þá sem hingað leita...
- ✓ ... sveitarfélög hafa mismikið bolmagn til að leggja í slökkviliðin og bitnar það einmitt á öryggi slökkviliðsmanna
- ✓ Góð reynsla af byggðasamlagi um slökkvilið [...] þrátt fyrir meiri kostnað til slökkviliðsins.
- ✓ Víðáttumikið svæði, hætta á að viðbragð á stöðum ysta á svæðinu myndi minnka
- ✓ Eru sveitarfélögin tilbúin að auka framlög til þessa málaflokks? Til dæmis má benda á að sennilega eru allar slökkvistöðvarnar á svæðinu í þörf fyrir verulega uppbyggingu og úrbætur nema hugsanlega stöðin á Akranesi
- ✓ Mjög áhugaverð hugmynd
- ✓ Tryggja þyrfti að sett væri stofnframlag inn í byggðasamlagið til að koma núverandi slökkviliðum á sama stað í húsnæði og búnaði við upphaf stofnunar samlags
- ✓ Ef heildin stækkar þarf starfsfhlutfallið að aukast
- ✓ Ég get ekki að svo stöddu sagt til um það hvort það sé grundvöllur fyrir heildarsamlagi nema þá helst ef til sameininga sveitarfélaga kæmi

3.2.10 Hver er afstaða þín til frekara samstarfs slökkviliðs og sjúkraflutninga?

Sérðu tækifæri í því að slökkviliðið tæki yfir umsjón með þessari þjónustu ?

Þrír svarendur töldu felast tækifæri í því að slökkvilið og sjúkraflutningar væru á sömu hendi.

Tveir höfðu tóku ekki afstöðu, töldu að það gæti gengið ágætlega en bentu á að það skipti lykilmáli hvernig samningar næðust um sjúkraflutninga. Þá velti einn fyrir sér hugsanlegri ábyrgð á mistökum sem gætu orðið við sjúkraflutninga. Einn svarandi taldi að það væri nú þegar erfitt fyrir sveitarfélagið að halda úti slökkviliði með nægum mannafla, og að bæta sjúkraflutningum við gæti reynst erfitt.

Í svörum mátti greina að menn sjá tækifæri s.s. í samnýtingu á búnaði, húsnæði og mannauði og að nú þegar vinni þessir aðilar náði saman á vettvangi slysa.

Hins vegar skipti lykilmáli hvernig samningar um sjúkraflutninga séu og greina mátti áhyggjur af því að ekki myndi fylgja nægjanlegt fjármagn slíkum samningi, og hætta væri á að rekstrarfé slökkviliðanna yrði nýtt til reksturs sjúkraflutninga. Sjúkraflutningar eru á forræði ríkisins, þar sé um að ræða störf sem kalli á menntaða heilbrigðisstarfsmenn, sem gerir starfið ólíkt störfum slökkviliðsmanna. Með slíkum samningi yrði þó unnt að manna sólarhringsvaktir og þannig bæta þjónustustig fyrir íbúa.


Mikilvægt sé að vanda slíka vinnu vel til að tryggja að fjárveitingar fylgi verkefninu en leiði ekki til þess að rekstrarfé skerðist til slökkviliða.

- ✓ Ég held að sveitarfélagið hafi nóg með að halda úti slökkviliði með nægum mannafla og sinna viðhaldi á búnaði þess. Að bæta sjúkraflutningum við og manna vaktir á bílana gæti reynst erfitt
- ✓ Já. Samnýting á búnaði, mannauði og þekkingu og þessir aðilar vinna mjög náði saman í dag á vettvangi slysa
- ✓ Sjúkraflutningar eru í dag faglega og rekstrarlega á forræði ríkisins og þarf að tryggja með samningi að sjúkraflutningar verði ekki baggi á rekstri slökkviliðs
- ✓ Ekki spurning að setja þetta undir sama hatt en [...]
 - Sjúkraflutningar verði sér deild þar sem starfsmenn og rekstur sjúkraflutninga er styrktur af ríkinu
 - Rekstur sjúkraflutninga má ekki bitna á þegar fjársveltu slökkviliði
 - Menntun, þjálfun og þjónusta verður betri með aðskilnaði deilda en nálægðin við slökkviliðið í samrekstri leiðir af sér betra samstarf, aukið öryggi og aðgengi að sérhæfðari björgunarðilum
 - Sjúkraflutningar eru heilbrigðisstarf og eiga heilbrigðisstarfsmenn að sinna því. Slökkvistarf er ekki heilbrigðisstarf heldur nær iðnaðarstarfi og því eðlilegt að iðnaðar-og tæknimenntað fólk sinni því starfi
- ✓ Vanda þarf til verka og ana ekki að neinu
- ✓ Já og nei. [...] hvort að greiðslur sem myndu fylgja væru í samræmi við kostnað
- ✓ [...] geta verið jákvætt þar sem þessi verkefni eiga að sumu leyti vel saman
- ✓ Huga að hugsanlegri ábyrgð (húsbóndaábyrgð) á mistökum sem gætu orðið við sjúkraflutninga
- ✓ Fer allt eftir hvernig samningar eur í boði hjá sjúkratryggingum
- ✓ Getur ekki verið þannig að rekstrarfé slökkviliðanna séu að rýrna við það
- ✓ [...] sjúkraflutningur ætti að vera á vegum slökkviliðs, það myndi tryggja rekstrargrundvöll slökkviliðs með sólarhringsvaktir allt árið.
- ✓ Með því að tryggja sólarhringsmönnun slökkviliðs myndi það auka þjónustustig slökkviliðs

- ✓ [...]gæti gengið ágætlega að vera í samstarfi við sjúkraflutninga og þá sérstaklega varðandi húsnæði.
- ✓ Hins vegar verð ég að setja spurningamerki varðandi stjórnsýsluna hvað það varðar.

4 Fjármál slökkviliða á Vesturlandi

Teknar voru saman upplýsingar um kostnað vegna slökkviliða hjá sveitarfélögum á Vesturlandi undanfarin ár samkvæmt birtum gögnum í fjárhagsáætlun og ársreikningi. Málaflokkurinn kallast *Brunamál og almannavarnir* og er án frekari sundurliðunar. Í fjárhagsáætlunum eru tilgreindar *tekjur, laun og launatengd gjöld og annar rekstrarkostnaður* hjá flestum sveitarfélögum. Hér er skoðuð þróun árunna 2017-2022. Heildarkostnaður hefur aukist hjá flestum sveitarfélögum, en mest hefur kostnaður aukist hjá Akraneskaupstað, Borgarbyggð og Hvalfjarðarsveit. Sjá mynd 1.



Mynd 1: Heildarkostnaður sveitarfélaga á Vesturlandi til brunamála og almannavarna skv. fjárhagsáætlunum 2017-2023. Ekki voru allar fjárhagsáætlanir aðgengilegar hjá öllum sveitarfélögum.


4.1 Einstök sveitarfélög

Í fjárhagsáætlunum flestra sveitarfélaga, þó ekki allra, er áætlaður rekstrarkostnaður sundurgreindur. Hér að neðan er birt myndræn þróun yfir rekstur slökkviliða í sveitarfélögum samkvæmt þeim liðum ásamt rekstrarniðurstöðu ársins samkvæmt áætlun. Til samanburðar er einnig heildarkostnaður hvers árs

samkvæmt ársreikningi birtur samhliða. Engin sundurliðun er birt í ársreikningi og því ekki hægt að bera saman einstaka liði í rekstrinum. Allar tölur eru í þúsundum króna.

4.1.1 Akraneskaupstaður


Kostnaður við málaflokkinn hefur aukist jafnt og þétt frá árinu 2017 og einkum kostnaður við laun og launatengd gjöld en að sama skapi hafa tekjur aukist á tímabilinu. Heildarkostnaður var yfir fjárhagsáætlun öll árin.



Mynd 2: Kostnaður við brunamál og almannavarnir hjá Akraneskaupstað 2017-2022.

4.1.2 Hvalfjarðarsveit


Í Hvalfjarðarsveit er ekki sundurliðun í fjárhagsáætlun, heldur er allur kostnaður færður sem rekstrarkostnaður. Gert er ráð fyrir tekjum árið 2022 sem er eina árið sem það er gert. Kostnaður hefur aukist á tímabilinu og öll árin var endanleg niðurstaða sú að reksturinn var yfir fjárhagsáætlun.



Mynd 3: Kostnaður við brunamál og almannavarnir hjá Hvalfjarðarsveit 2017-2022.

4.1.3 Borgarbyggð


Kostnaður við brunamál og almannavarnir hefur aukist hjá Borgarbyggð á tímabilinu. Launakostnaður hefur aukist talsvert, sem og rekstrarkostnaður, en tekjur hafa einnig aukist á tímabilinu. Heildarkostnaður hefur alltaf verið yfir fjárhagsáætlun, mest árið 2022.



Mynd 4: Kostnaður við brunamál og almannavarnir hjá Borgarbyggð 2017-2022.

4.1.4 Stykkishólmur


Samkvæmt fjárhagsáætlunum Stykkishólms, hefur heildarkostnaður haldist nokkuð stöðugur á tímabilinu. Laun og launatengd gjöld hækkuðu á árunum 2018 og 2019 en hafa lækkað eftir það. Rekstrarkostnaður hefur haldist nokkuð stöðugur yfir tímabilið. Tekjur hafa haldist nokkuð svipaðar á tímabilinu. Öll árin hefur heildarkostnaður verið undir fjárhagsáætlunum ef frá er talið árið 2022 en þá fór kostnaður fram úr áætlun.



Mynd 5: Kostnaður við brunamál og almannavarnir hjá Stykkishólmi 2017-2022.

4.1.5 Grundarfjarðarbær

Í fjárhagsáætlun Grundarfjarðarbæjar er kostnaður vegna brunamála og almannavarna ekki sundurliðaður, en allur kostnaður er færður sem rekstrarkostnaður. Reksturinn hefur verið í jafnvægi og kostnaður hefur lítið hækkað á tímabilinu. Ekki er gert ráð fyrir neinum tekjum, og heildarkostnaður er undir fjárhagsáætlun öll ár á tímabilinu ef frá er talið árið 2022. Gögn voru ekki aðgengileg árið 2020 og eru þau gögn um rekstur sótt í Árbók sveitarfélaga.




Mynd 6: Kostnaður við brunamál og almannavarnir hjá Grundarfjarðarbæ 2017-2022.

4.1.6 Snæfellsbær

Í fjárhagsáætlunum sem birtar eru á vef Snæfellsbæjar eru ekki sundurliðaðar upplýsingar um kostnað við einstaka málaflokka eins og brunamál og almannavarnir. Því eru upplýsingar úr ársreikningum sveitarfélagsins notaðar en þar koma fram heildartölur í fjárhagsáætlun. Fjárhagsáætlun fyrir 2022 var ekki aðgengileg fyrir árið 2022 og því eru notuð gögn úr Árbók sveitarfélaga.


Kostnaður við rekstur slökkviliðs Snæfellsbæjar hefur haldist nokkuð stöðugur, en hækkaði þó lítillega árið 2020 og 2021 miðað við árin á undan. Rekstrarkostnaður var undir áætlun öll árin að undanskildu 2019.



Mynd 7: Kostnaður við brunamál og almannavarnir hjá Snæfellsbæ 2017-2022.

4.1.7 Dalabyggð

Í Dalabyggð hefur kostnaður vegna brunamála og almannavarna aukist á undanförunum árum. Fram til ársins 2020 var kostnaður við laun og launatengd gjöld ívið hærri en rekstrarkostnaður, en árið 2020 hækkar rekstrarkostnaður verulega en launakostnaður lækkar á móti. Ekki er gert ráð fyrir tekjum í áætlunum sveitarfélagsins, en raunkostnaður var undir fjárhagsáætlun öll ár á tímabilinu.



Mynd 8: Kostnaður við brunamál og almannavarnir hjá Dalabyggð 2017-2022.

5 Tillögur að sviðsmyndum

Markmið starfshópsins var m.a. að skoða mögulegar breytingar á rekstri slökkviliða á Vesturlandi. Starfshópurinn áréttar að slökkvilið starfa skv. lögum um brunavarnir og því er hlutverk þeirra og starfsemi að mestu leyti bundin í lögum. Samhliða breytingum á búsetumynstri á Íslandi, fjölda frístundahúsa og stórauðinnar ferðaþjónustu hefur útköllum slökkviliða fjölgað og þ.a.l. hefur rekstrarkostnaður vegna slökkviliða aukist hjá sveitarfélögum á Vesturlandi, sérstaklega á suðurhluta svæðisins.

Í nýlegri meistararitgerð Regínu Valdimarsdóttur *Slökkvilið á landsbyggðinni. Eru byggðasamlög lausnin?* er fjallað ítarlega um stöðu slökkviliða á landsbyggðinni. Niðurstöður þeirrar rannsóknar sýndu fram á að staða slökkviliða er breytileg þegar kemur að því að uppfylla lögbundnar kröfur til starfseminnar. Skýr tenging virðist vera milli getu þeirra til að uppfylla kröfur og þeirra fjármuna sem sveitarfélögin leggja til rekstursins. Í rannsókninni kemur fram að almennt er staða stærri slökkviliða betri en minni og þá koma fram merki um að staða þeirra slökkviliða sem rekin eru í byggðasamlagi er heldur betri en hjá öðrum minni liðum á landsbyggðinni. Með stærri einingum gefast fagleg og rekstrarleg tækifæri til að bæta gæði þjónustunnar og því dugar ekki stofnun byggðasamlags ein og sér, til að bæta stöðu slökkviliða, heldur þarf að fylgja viðeigandi fjármagn. Meðan sveitarfélög eru jafn mörg og jafn lítil og er í dag, teljist byggðasamlög heppileg rekstrarform enda tryggi sú leið formfast stjórnábylgjulegt samstarf með aðkomu allra sveitarfélaga að ákvarðanatöku, frekar en þegar þjónusta er keypt frá einu sveitarfélagi til annars².

² Regína Valdimarsdóttir. 2023. Slökkvilið á landsbyggðinni. Eru byggðasamlög lausnin? https://skemman.is/bitstream/1946/43140/1/MPA%20c3%ad%20opinberri%20stj%c3%b3rn%20bdslu_RV.pdf

Með sviðsmyndum er ekki gefinn afsláttur af gæðakröfum til slökkviliða og hafa þarf í huga að breytingar á rekstrarfyrirkomulagi þurfa að ganga út frá því að öryggi slökkviliðsmanna, íbúa og gesta sé í forgangi og að ekki sé litið á mögulegar breytingar sem sparnaðaraðgerðir í rekstri sveitarfélaga.

Hér eru settar fram þrjár sviðsmyndir að breytingum á fyrirkomulagi reksturs slökkviliða á Vesturlandi. Sviðsmyndir byggja meðal annars á niðurstöðum könnunar sem send var öllum slökkviliðsstjórum og hefur verið fjallað um hér að framan. Engin sviðsmynd gerir ráð fyrir að afmörkuðum verkefnum sé útvistað til einkaðila og ekki er sett fram sviðsmynd þar sem gert er ráð fyrir samrekstri sjúkraflutninga og slökkviliðs, en þó gæti verið ástæða til að skoða það frekar ef ákveðið verður að ráðast í breytingar.

Sviðsmyndir sem hér eru settar fram eru ekki kostnaðarmetnar, enda telur starfshópurinn að þær séu einkum til að skapa frekari umræðu um fyrirkomulag til framtíðar. Ef sveitarstjórnir á Vesturlandi telja ákjósanlegt að skoða sviðsmyndirnar nánar, þá væri í framhaldinu æskilegt að meta þær í samráði við slökkviliðin. Meta þarf nánar aðstæður á hverju svæði og áhættumat m.t.t. íbúafjölda, landfræðilegra þátta, samgangna og vegalengda sem eru mikilvægir þættir sem áhrif á möguleika slökkviliðs að sinna þeim lögbundu skyldum sem þeim er ætlað.

5.1 Sviðsmynd 1. – Byggðasamlag- Brunavarnir Vesturlands

Stofnað verður byggðasamlag um öll slökkvilið á Vesturlandi, sem gæti heitið Brunavarnir Vesturlands. Horft verði til sambærilegra byggðasamlaga s.s. Brunavarna Árnessýslu, Slökkviliðs Höfuðborgarsvæðis, Brunavarna Suðurnesja. Um er að ræða breytingu sem hefur það að markmiði að auka öryggi og gæði þjónustu hvort sem um er að ræða í eldvarnareftirliti, brunavörnum eða aðgerðum á vettvangi. Gera þarf ráð fyrir tíma, mannauð og fjármagni við breytingar og innleiðingu.

Forsendur eru ekki ólíkar milli sviðsmynda 1 og 2, enda svipaðar áskoranir við stjórnslu og breytingar. Munur er einkum fólgin í að svæðið er landstærra og fleiri sveitarstjórnir sem koma að verkefninu.

5.1.1 Tækifæri og styrkleikar sviðsmynda

1. Starfsemi allra slökkviliða á Vesturlandi verður samræmd og yfirstjórnarhlutverk varðandi faglegt starf og eftirlit er skýrt. Styrkleiki getur verið fólgin í að byggja stofnun slíks samlags á reynslu annarra sem þegar hafa farið í slíka vinnu. Stærri rekstrareiningar gefa tækifæri til hagræðingar með samræmingu yfirstjórnar og minni rekstrarkostnaði.
2. Tækifæri skapast á fleiri heilsárstörfum innan slökkviliðsins. Forsendur skapast til að auka sérhæfingu starfsfólks í stærri einingu. Þannig eru tækifæri til að deildaskipta og skapa sérhæfð störf innan einingarinnar; eldvarnareftirlit, brunavarnir, viðhald bifreiða o.fl.

3. Tækifæri felast í samræmingu í menntun og þekkingu slökkviliðsmanna. Allir slökkviliðsmenn fara í gegnum samræmda menntun sem eykur öryggi þeirra sjálfra, íbúa og gesta á öllu svæðinu. Með stóru slökkviliði er unnt að tryggja mönnun á öllum svæðum samhliða námskeiðum og fræðsluferðum.
4. Eldvarnareftirlit er samræmt um allt Vesturland. Eldvarnareftirlit er mikilvægur þáttur sem ekki öll slökkvilið ná að sinna í dag vegna skorts á starfsmönnum eða starfshlutfalli. Með sameinuðu slökkviliði er unnt að fjölga starfsmönnum /sameina störf við eldvarnareftirlit.
5. Styrkleiki felst í að vinnuaðstæður og búnaður er samræmdur hjá öllum slökkviliðsmönnum. Allir sækja sömu menntun og þjálfun, samræmi er í tækjabúnaði sem allir hafa þekkingu á.
6. Brunavarnir eru samræmdar á öllu svæðinu. Gerð verði ein brunavarnaráætlun sem allir þekkja og allir vinna skv. sömu áætlun og sambærilegum aðferðum.
7. Tækifæri felast í að samþætta allan rekstur og skipulag. Með byggðasamlagi skapast tækifæri til að samþætta og skipuleggja áætlun um endurnýjun tækja og uppbyggingu slökkvistöðva, samþætta öll vinnubrögð á vettvangi og samþætta fræðsluáætlun, eldvarnareftirlit og brunavarnir.

5.1.2 Áskoranir og veikleikar sviðsmyndarinnar

1. Breyting á rekstrarfyrirkomulagi krefst tíma og fjármuna sveitarfélaga sem að byggðasamlaginu koma. Forsenda stofnunar byggðasamlags er að auka öryggi og bæta þjónustu en ekki sparnaðaraðgerð, jafnvel þótt stærri eining geti náð auknu hagræði í rekstri.
2. Framlög sveitarfélaga til byggðasamlagsins, útreikningar og framlög einstakra sveitarfélaga getur orðið áskorun. Stofnframlag inn í samlagið getur verið nauðsynlegt og áskorun að ná sátt um það.
3. Forgangsröðun uppbyggingar slökkvistöðva og endurnýjun búnaðar getur verið áskorun. Tryggja þarf gegnsæja stjórnsýslu, þar sem tryggt er að jafnræðis sé gætt og að forgangsröðun snúi að auknu öryggi slökkviliðsmanna og íbúa.
4. Veikleiki við sviðsmyndina er að traust ríki milli aðila um að samræmd þjónusta verði til staðar á öllu svæðinu. Gera má ráð fyrir að ákveðinn ótti ríki um að þjónusta sé skert á jöðrum svæðisins, en megináhersla verði lögð á þjónustu á suðursvæðinu sem er fjölmennast.
5. Veikleiki eða áskorun sem felst í því að sameinast um slökkvilið án þess að fjárhagslegur sparnaður í rekstri sé forsenda sameiningar. Með byggðasamlagi er fyrst og fremst talið að öryggi aukist og þjónusta verði bætt, en ekki endilega að sveitarfélög geti dregið úr framlögum til málaflokksins.
6. Það er ætíð áskorun að tryggja mannauð, tíma og fjármagn í stefnubreytingar, undirbúning og síðast en ekki síst innleiðingu breytinga.

7. Vesturland er mjög landsstórt svæði, vegalengdir miklar, fjölsóttir ferðamannastaðir, móttaka skemmtiferðaskipa og mikil umferð er um allt svæðið. Stærð svæðis er talsverð áskorun þar sem það kallar á á uppbyggingu þéttara nets slökkvistöðva til að tryggja viðbragðstíma skv. lögum og samþætta þjónustu á öllu starfssvæðinu.
8. Áskorun að svæðin eru ólík; á ákveðnum svæðum er hafnsækin starfsemi og hafnir fyrir skemmtiferðaskip. Hringvegur liggur um ákveðin svæði, og á öðrum svæðum er mikil umferð ferðamanna og þörf á viðhaldi vega. Þá eru þéttbýl frístundasvæði á ákveðnum svæðum, með áhættu vegna t.d. gróðurelda. Því er áskorun að slökkviliði sé búið tækjum og þekkingu til að takast á við ólíkar áhættur.
9. Gera má ráð fyrir að staðsetning ákveðinna starfa verði áskorun. Þannig er gert ráð fyrir að slökkviliðsstjórum fækki og staðsetning þeirrar starfsstöðvar ásamt varaslökkviliðsstjóra verður líklega áskorun. Gefa þarf því gaum að til að vel heppnist til, þarf að leita leiða til að samstaða ríki um stjórnun og fyrirkomulag slökkviliðsins og að slökkviliðsmenn í öllum liðum verði vel upplýstir og í ferlinu verði haft samráð við slökkviliðsmenn.

5.2 Sviðsmynd 2 – sameining við næstu nágretta

Sviðsmynd 2 gerir ráð fyrir sameiningu slökkviliða aðliggjandi svæða. Þannig sameinist til dæmis slökkviliðin á Snæfellsnesi í eitt, Slökkvilið Borgarbyggðar sameinist Slökkviliði Akraness og Hvalfjarðarsveitar. Slökkvilið Dalabyggðar er þegar í byggðasamlagi með öðrum sveitarfélögum í gegnum byggðasamlag BDRS og helst óbreytt. Með sameiginlegu liði nágretta er unnið að því að efla starfsemi slökkviliðsins, samnýta mannauð, þekkingu og tæki. Gera má ráð fyrir að slökkvilið suðursvæðisins verði öflugast, enda um að ræða tvö stærstu slökkvilið svæðisins. Íbúafjöldi er mestur á þessu sameiginlega svæði, Hringvegur liggur um svæðið með mikilli umferð og á svæðinu er mikill fjöldi frístundahúsa og þar með mikil dulin búseta. Á Snæfellsnesi er mikil ferðaþjónusta og umferð hefur aukist þar mjög á undanförunum árum, ásamt fjölgun í komu skemmtiferðaskipa til Grundarfjarðar.

5.2.1 Tækifæri og styrkleikar sviðsmyndar

1. Stærri rekstrareiningar gefa tækifæri til hagræðingar með samræmingu yfirstjórnar og minni rekstrarkostnaði. Tækifæri til að auka starfshlutfall stjórnenda í slökkviliðinu. Stærri eining gæti styrkt starfsemi slökkviliðanna, m.a. sérhæfingu starfsfólks s.s. í eldvarnareftirliti og brunavörnum.
2. Stærð svæða er viðráðanleg og staðbundin þekking er til staðar meðal slökkviliðsmanna og stjórnenda. Skipulögð uppbygging slökkviliðsstöðva og tækjabúnaðar er þó nauðsynleg til að gera slökkviliði á hverju svæði mögulegt að uppfylla kröfur um viðbragðstíma.

3. Stærri eining skapar frekari möguleika á að auka menntun innan slökkviliða s.s. með fræðslu, námskeiðum og þar með aukast gæði þjónustunnar. Unnt væri að efla fræðslu slökkviliðsmanna án þess að skerða öryggi íbúa og gesta.
4. Slökkviliðum fækkar á svæðinu og tækifæri liggja í því að að samstarf milli þriggja aðila getur verið einfaldara og skilvirkara en samstarf sex aðila. Þannig má segja að sviðsmynd 2 sé ákveðið millistig milli sviðsmyndar 1 og 3.

5.2.2 Áskoranir og veikleikar sviðsmyndarinnar

1. Stjórnsýsla um breytingar á rekstrarfyrirkomulagi getur getur orðið áskorun sem gefa þarf svigrúm í fjármagni og tíma til að ná fram góðri sátt um breytingar. Ekki má gera ráð fyrir að sameining slökkviliða leiði til sparnaðar í rekstri þeirra, heldur er forsenda breytinga að auka öryggi og bæta þjónustu.
2. Sveitarfélögin þurfa að koma sér saman um ákjósanlegt rekstrarfyrirkomulag; byggðasamlag, samstarfssamninga eða annað.
3. Forgangsröðun við uppbyggingu slökkvistöðva og endurnýjun búnaðar getur orðið áskorun. Um landstór svæði er að ræða og mismunandi áskoranir innan starfssvæða hvers slökkviliðs.
4. Vegalengdir milli jaðra starfssvæða eru miklar og kalla á uppbyggingu fleiri slökkvistöðva til að tryggja viðbragð skv. lögum. Þannig eru t.d. yfir 90 km. frá Akranesi og í Húsafell, og 80 km frá Akranesi að vestasta hluta svæðisins við Haffjarðará. Vegalengdir innan starfssvæðis slökkviliðs á Snæfellsnesi eru að sama skapi langar, vegalengd milli Stykkishólms og Hellna er t.a.m. um 90 km.

5.3 Sviðsmynd 3 Óbreytt rekstrarfyrirkomulag- aukið samstarf

Rekstrarfyrirkomulag slökkviliða á Vesturlandi verður óbreytt en stofnaður verður samstarfsvettvangur allra slökkviliða á Vesturlandi sem hefur það hlutverk að stuðla að auknu samstarfi. Aukið samstarf getur falið í sameiginlegri menntun slökkviliðsmanna, sameiginlegum æfingum og fræðslu, vinnu við gerð brunavarnaáætla, eldvarnareftirlit, aðkeypta þjónustu og mögulega sameiginleg innkaup búnaðar. Þegar er í gildi samningur um gagnkvæma aðstoð milli allra slökkviliða á Vesturlandi, auk þess sem flest slökkvilið á Vesturlandi eru með samning við Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins og /eða brunavarnir Suðurnesja um gagnkvæma aðstoð og aðstoð vegna mengunaróhappa. Sviðsmyndin gerir ráð fyrir að byggja á fyrirliggjandi samningum og þróa þá áfram.

5.3.1 Tækifæri og styrkleikar sviðsmyndar

1. Núverandi samningar um gagnkvæma aðstoð er styrkleiki sem unnt er að þróa áfram og koma á samstarfsvettvangi þar sem forsvarsmenn slökkviliða á Vesturlandi móta samstarfið til framtíðar

og forgangsraða sameiginlegum verkefnum. Starfsmenn þekkjast nú þegar og geta mótað verkaskiptingu og verklag innan hópsins.

2. Tækifæri felast í samræmingu á verklagi, s.s. með aukinni og samræmdri fræðslu einstakra slökkviliðsmanna og jafnvel liða með samræmdum eða sameiginlegum námskeiðum og fræðslu og sameiginlegum æfingum.
3. Tækifæri felast í samþættingu fræðslu til almennings, skóla og viðbragðaðila. Mögulegt er að vinna sameiginlega að fræðsluefni sem öll lið á svæðinu nýta í þessum tilgangi.
4. Tækifæri felast til að auka samstarf um eldvarnareftirlit og brunavarnir. Í dag er skortur á starfsfólki innan einstakra slökkviliða sem sinnir eldvarnareftirliti og í gegnum samráðsvettvang væri möguleiki að efla það starf, s.s. fræðsluefni og markaðsmál. Möguleikar eru til að sameinast um ráðningu starfsmanna sem sinna eldvarnareftirliti og brunavörnum á starfssvæðum fleiri en eins slökkviliðs.
5. Skapaðar eru forsendur um sameiginleg innkaup. Samráðsvettvangurinn tekur ákvörðun um hvers konar innkaup henta í sameiginlegum útboðum; minni búnaður og tæki sem öll lið endurnýja reglulega, eða hvort einnig verði ráðist í sameiginleg útboð á stærri tækjum s.s. bifreiðum sem settir eru upp með samskonar búnaði sem auðveldar viðhald og fækkar þjónustuaðilum.
6. Ekki er gert ráð fyrir breytingum á núverandi störfum innan slökkviliða en samráðsvettvangurinn getur skapað forsendur til að unnt sé að nýta núverandi mannauð betur með samræmdum verkferlum.
7. Forsendur eru til að sameinast um uppbyggingu á sérhæfðri æfingaaðstöðu. Mikilvægt er að koma upp fullkomnum æfingasvæðum í hverjum landsfjórðungi.

5.3.2 Áskoranir og veikleikar sviðsmyndarinnar

1. Stjórnsýsla við slíkan samstarfsvettvang verður áskorun og skilgreining ábyrgðar. Framlag slökkviliða inn í slíkt samstarf, skilgreining á hlutverki hvers og eins og fyrirkomulag á vinnu hópsins. Ekki eru öll slökkvilið með marga starfsmenn í fullu starfi, og því þarf að skilgreina hlutverk og markmið með samstarfinu vel. Getur verið veikleiki að núverandi starfsmenn hafa ekki tíma til að sinna vinnu við þróun á samstarfsvettvangnum.
2. Ákveðin hættu á að þau slökkvilið sem nú þegar hafa starfsmenn í fullu starfi eða fleiri en einu stöðugildi leggi meiri vinnu til samstarfsins. Veikleiki að ekki er sjálfgefið að sveitarfélög séu tilbúin að auka starfshlutfall, eða fjölga störfum sem þarf til að allir aðilar innan samstarfsins geti tekið þátt.
3. Kostnaður getur aukist og fallið misjafnlega mikið á hvert lið. Þannig má gera ráð fyrir að sameiginlegar æfingar eða námskeið kalli á ferðakostnað milli svæða, og til að jafnræðis sé gætt þarf alltaf að gera ráð fyrir að allir slökkviliðsmenn hafi tök á að sækja sambærilegar æfingar og

ekki er hægt að senda heilt lið á æfingu af hverjum stað án þess að draga úr öryggi á viðkomandi svæði.

4. Sameiginleg innkaup. Gera má ráð fyrir að forgangsröðun innkaupa, val á tækjum og þjónustuaðilum geti verið áskorun. Ekki er víst að öllum liðum henti það sama á hverjum tíma og meta þarf hverskonar búnað er raunhæft að hafa í sameiginlegri eigu. Ef ákveðið er að eiga sérhæfð tæki sameiginlega eða byggja upp sameiginlega geymslu- eða æfingaaðstöðu, getur verið áskorun að sammælast um staðsetningu.

6 Samantekt- Niðurstöður starfshópsins.

Fram kemur í skýrslu HMS og í könnun meðal stjórnenda slökkviliða að úrbóta er þörf á aðbúnaði og starfsumhverfi slökkviliða á Vesturlandi. Kostnaður sveitarfélaga við rekstur slökkviliða hefur aukist verulega á undanförunum árum hjá nokkrum sveitarfélögum á Vesturlandi og því til viðbótar má gera ráð fyrir að kröfur muni á næstu misserum aukast. Á vordögum 2024 bárust upplýsingar um vinnu við reglugerð um forgangsakstur, þar sem fram koma kröfur til ökutækja og ökumanna við forgangsakstur, grunnþjálfun ökumanna og endurmenntun. Í drögum að reglugerðinni kemur fram að að starfsmenn sem sinni forgangsakstri skuli hafa hlotið viðeigandi grunnþjálfun og eftir atvikum endurmenntun til forgangsaksturs. Grunnþjálfun starfsmanna slökkviliða utan höfuðborgarsvæðisins skal að lágmarki vera 27 kennslustundir og ökutæki sem nýtt er til þjálfunar skal vera skráð til forgangsaksturs. Þá skulu allir sinna endurmenntun á fimm ára fresti, þar sem fjöldi kennslustunda skal vera að lágmarki 9 kennslustundir.

Ef reglugerð um forgangsakstur verður samþykkt með þeim kröfum sem fram koma í drögum að reglugerð, er ljóst að slökkviliðin á Vesturlandi þurfa að fjármagna og skipuleggja umfangsmikið nám fyrir sitt starfsfólk til að tryggja að slökkviliðin séu mönnum fólk sem hefur réttindi til að sinna forgangsakstri. Þá má gera ráð fyrir mögulegum kaupum á ökutækjum til kennslu í forgangsakstri ef unnt á að vera að uppfylla skilyrði sem fram koma í reglugerðinni.

7 Lög og reglugerðir

Byggingarreglugerð nr. 112/2012

Lög nr. 75/2000 um brunavarnir

Leiðbeiningar nr. 6.086 um plássþörf slökkvistöðva

Leiðbeiningar nr. 6.065 um lágmarksbúnað, afskriftir og úreldingu búnaðar

Leiðbeiningar nr. 6.088 um hlífðarfatnað fyrir slökkviliðsmenn

Reglugerð nr. 792/2001 um Brunamálaskólann og réttindi og skyldur slökkviliðsmanna

Reglugerð nr. 723/2017 um eldvarnir og eldvarnareftirlit

Reglugerð nr. 914/2009 um hlífðarfatnað slökkviliðsmanna

Reglugerð nr. 747/2018 um starfsemi slökkviliða

Reglugerð nr. 1088/2013 um reykköfun

Reglugerð nr. 914/2009 um hlífðarfatnað slökkviliðsmanna

8 Viðauki

Erindisbréf vinnuhóps

Erindisbréf

Vinnuhópur um úttekt á samstarfsmöguleikum slökkviliða á Vesturlandi

1.gr.

Stjórn SSV skipar fimm fulltrúa í vinnuhóp um úttekt á samstarfsmöguleikum slökkviliða á Vesturlandi. Hópurinn tekur til starfa í febrúar 2023 og er áætlað að hann ljúki störfum í júní 2023. Stjórn SSV skipar formann hópsins.

2.gr.

Skipa skal í hópinn samkvæmt tilnefningum frá eftirfarandi aðilum.

- Einn fulltrúi tilnefndur af Akraneskaupstað og Hvalfjarðarsveit
- Einn fulltrúi tilnefndur af Borgarbyggð, Skorradal og Eyja- og Miklaholtshreppi
- Einn fulltrúi tilnefndur af Dalabyggð
- Einn fulltrúi tilnefndur af Snæfellsbæ, Grundarfjarðarbæ og Stykkishólmi/Helgafellssveit
- Formaður hópsins er skipaður af stjórn SSV.

3.gr.

Hlutverk starfshópsins er:

- Að vinna stöðugreining varðandi samstarf slökkviliða á Vesturlandi
- Að vinna úttekt á samstarfsmöguleikum slökkviliða á Vesturlandi. Sérstaklega skal skoða:
 - Gagnkvæm aðstoð varðandi lögbundin verkefni
 - Samþættingu brunavarna og annarra lögbundinna verkefna
 - Samstarf varðandi stjórnendavaktir
 - Samræmingu á verklagi
 - Samstarf um kennslu og þjálfun slökkviliðsmanna
 - Samstarf um eldvarnareftirlit
 - Samstarf um kaup á búnaði
 - Samstarf um viðbrögð og aðstoð vegna mengunarslysa
 - Möguleikum á sameiningu slökkviliða
- Þá hefur hópurinn tækifæri til þess að skoða fleiri samstarfsmöguleika sem upp koma í vinnu hópsins.

4.gr.

Starfsmenn SSV vinna með hópnum eftir þörfum. Starfsmenn SSV sjá um að færa fundargerð í tölvu og undirbúa fundi í samráði við formann vinnuhópsins. Hópurinn getur kallað til sín gesti á fundi ef þurfa þykir.

5.gr.

Vinnuhópurinn fær greitt samkvæmt nefndataxta SSV. Hafa skal sem viðmið að hópurinn fundi allt að sex sinnum á starfstímanum. Áætlað er að hópurinn ljúki vinnu sinni í júní 2023.

Spurningalisti

1. Hvernig er samstarfi háttáð við önnur slökkvilið hvað varðar gagnkvæmrar aðstoðar?
2. Samþætting brunavarna og annarra lögbundinnar þjónustu.
 - A. Ef samþætting á sér stað í dag:
 - Hver er hún?
 - Eru tækifæri til frekari samþættingar?
 - B. Samþætting þjónustu er ekki til staðar.
 - Hvaða möguleika telur þú til samþættingar?
3. Samþætting/samstarf um stjórnendavaktir
4. Möguleikar til samræmingar á verklagi slökkviliða.
5. Samstarf um kennslu og þjálfun slökkviliðsmanna.
 - A. Tækifæri
 - B. Staðan í dag?
6. Samstarf um eldvarnareftirlit.
 - A. Samstarfsmöguleikar?
 - B. Hvernig er eftirlitin háttáð í dag?
7. Samstarf um kaup á búnaði.
8. Samstarf um viðbrögð og aðstoð vegna mengunarslysa.
 - A. Tækifæri til frekara samstarfs?
 - B. Möguleikar um samrekstur á búnaði?
9. Sérð þú tækifæri í sameiningu slökkviliða
 - Hefur þú reynslu af samstarfi slökkviliða og ef já hvernig
 - Hvaða sameiningarmöguleika sérð þú fyrir þér
 - o Sameinast næstu nágrönnum
 - o Byggðasamslag um slökkvilið á Vesturlandi
10. Hver er afstaða þín til frekara samstarfs slökkviliðs og sjúkraflutninga, sérðu tækifæri í því að slökkviliðið tæki yfir umsjón með þessari þjónustu ?